



Síðbúnar afmælis- og velferðarkveðjur!

Á heilsugæslustöðvum er að finna stafla af tímaritum. Mest er af „konublöðum.“ Innanum og samanvið eru fréttablöð heilbrigðisamtaka og félaga.

Í einum staflanum fann ég FAAS, fréttir félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimersjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma. Í fréttablaðinu er sagt frá 25 ára afmæli Hlíðarbæjardagþjálfunar að Flókagötu 53 og aðdraganda að stofnun Hlíðarbæjar og stofnun félags þeim til stuðnings. FAAS var stofnað 1985 og Hlíðarbær 1986 og átti því 25 ára afmæli á síðasta ári. Samtök aldraða sendir FAAS og Hlíðarbæ árnaðaróskir af þessu tilefni.

Aðdragandi var sá að Samband berklasjúklinga SÍBS. Reykjavíkurdeild Rauða kross og Samtök aldraða stofnuðu dagdeild Múlalundar í janúar 1983 fyrir aldraða og öryrkja. Fljótlega kom í ljós að gera þyrfti sérstak átak fyrir heilablaða.

Hafi FAAS og Hlíðarbær innilegar þakkir fyrir ykkar erfiðu en ómetanlegu störf.



Frá afmælishátíð

Aðalfundur Samtaka aldraða

verður haldinn 25 apríl n.k. Kl.13.30 í safnaðarheimili Grensáskirkju.

Auk venlulegra aðalfundarstarfa verður séstök dagskrá helguð velferðarmálum eldri borgara í Reykjavík. Sérstaklega verður rætt um vandamál sem upp hafa komið í sambandi við byggingu þjónustusels í Sléttuvegshverfi sem hefja átti framkvæmdir við í n.k. apríl mánuði. (Reyndar átti að hefja þær framkvæmdir fyrir allmörgum árum!)

Meðal fundarmanna verða borgarfulltrúar og forráðamenn frá DAS og vonandi fulltrúi frá Velferðarráðuneyti.

Skora ég á alla félagi að fjölmenna til fundar því oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn!



Loksins-Loksins!

Stoltir samningamenn Borgar og DAS við langþráð samningalok rekstrarsamnings þjónustusels við Sléttuveg á haustmánuðum 2011.

Ruglið í kringum DAS og Borgar vegna ómakvissra vinnubragða við byggingu og rekstrars þjónustusels fyrir Sléttuvegshverfið og nú með þátttöku ríkis

vegna hjúkrunarheimilis þar, sýnir ásamt svo mörgu, já fjölda mörgu öðru, að eldra fólk í Íslandi er í raun gert að greiða fyrir farmiða á fyrsta farrými á íslensku þjóðarskútunni en er holað á þriðja farrými í skilningi opinberar þjónustu. Hún er ekki fáanleg nema að greiða mikinn viðbótarkostnað hvort sem horft er til heilbrigðisgeirans, menntageirans, orkugeirans, menningargeirans eða annarra þeirra þjónustu sem eldra fólk á rétt á samkvæmt lögum og reglum um málefni aldraða.

Eldra fólk þarf að virkja afl sitt til varnar hagsmunum sínum og hverfa frá langvarandi hugsjónaflotta.

Nánar í grein Styrmis Gunnarssonar hér í blaðinu.



Styrmir sagði snemma árs 2010

„Ég er búinn að fylgjast með þessu í 50 ár. Þetta er ógeðslegt þjóðfélag, þetta er allt ógeðslegt. Það eru engin prinsipp, það eru engar hugsjónir, það er ekki neitt. Það er bara tækifærismennska, valdabarátta.“

Já merkur ritstjóri og þjóðþekktur þjóðfélagsrýnir staðfesti bara það sem ég vissi, við hvað ég hafði búið í aðeins lengri tíma en hann og þeir aðrir okkar sem eldri eru skilja þessa reiði ritstjórans enn betur. En ég skildi líka betur en áður tilgang Morgunblaðsstefnunnar frægu.

MUNIÐ AÐALFUND SAMTAKA ALDRAÐRA 25. APRÍL N.K.

Stuðningshlífur og spelkur

- Veita góðan stuðning við liðamótin
- Henta vel við slitgigt og liðagigt
- Draga úr bólgu og bjúg
- Góð öndun
- Fjölbreytt úrval

Fagleg ráðgjöf sjúkráðgjafara

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



LÆGRA LYFJAVERÐ

FYRIR ELLI- OG ÖRORKULÍFEYRISPEGA



OG 5% AFSLÁTTUR
AF LAUSASÖLULYFJUM, VÍTAMÍNUM,
BÆTIEFNUM OG ANNARRI VÖRU

 **Apótekið**
– einfalt og ódýrt

Sömu gagnrýni mátti skilja frá matsveini og skipsfélaga mínum sem sagði fyrir margt löngu sannleikann um þjóð í erfiðu landi sem var að reyna að þroska nýfengna sjálfstæðið sitt;

„Þá erum við að nálgast helvítis grjóthólmann“ sagði hann um leið og hann einhenti slyngulistum eldavélarinnar á sinn stað svo pottarnir færu hvergi þegar skipið lyftist um leið og siglt var yfir á landgrunnskantinn. Þetta var og er sama ástarjátning skapstírðs matsveins til ættarlandsins og gagnrýni fyrrverandi ritstjóra. Það var bara ekki hægt að orða hana öðruvísi í hóptilveru karlrembu skipshafnarinnar fyrir kokkinn.

Engan þekkti ég á þeim árum meiri fõðurlandsvin en þennan kokk, og Mogginn var blaðið mitt öll fjórutíu árin sem rit-stjórinn sat þar við rýna í samfélag okkar og er enn.

Það hefði verið sársaukafullt fyrir þennan kokk hefði hann upplifað það sem við upplifum nú og fyllt hann reiði ritstjórans, að upplifa afleiðingar af valdi heimskunnar á liðnum áratugum. Kokkurinn vildi áreiðanlega eins og ritstjórinn taka þátt í að brjóta hverja þá ógnaröldu er á þjóð okkar kunni að skella eins og harðar bergnasir okkar sæbröttu strandar brjóta þungar og svalar öldur Atlantshafsins. Hann hefði líka viljað efla samkennd og réttlæti með þjóðinni, skapa aðstæður til þjóðarsáttar um endurreisn á grundvelli hagsmuna heildarinnar en ekki sérhagsmuna. Jóhannes úr Kötlum lýsir þessum tilfinningum svo vel í kvæðinu; „Þegar landið fær mál.“ Þar er það landið sem talar til þjóðarinnar í bæði mjúku og myrkvudu máli, gefur ráð og kastar fram spurningum til umhugsunar.

„hvílíkt heimskunnar vald ræður vilja þess manns, sem knýr veikari bróður á hjarn, og sem gína vill einn yfir auði síns lands, hann er ekki minn sonur, mitt barn!“

Kokkurinn var „kreppubarn“ sem upplifði hörmungar seinni heimstyrjaldar við sjómennsku og lagði þar sitt af mörkum til að brauðfæða þjóðina við erfiðari aðstæður en nú ríkja.

Auðvitað og umfram allt viljum

við Íslendingar nú vera frjálsir og fullvalda og taka þátt í íslenski sjálfstæðisbaráttu baráttu sem við sjáum svo vel einmitt nú. að aldrei lýkur. En þá baráttu má ekki lama með stórskemmandi og lamandi hvítri lygi í efndum loforða og lagaákvæða fyrir aldrað fólk. Þetta verður að vera jarðsambandið fyrir alla óskemmda Íslendinga á öllum aldri, því flestir ná háum aldri.

Hvít lygi valdstjórna ríkis og borgar um tímasetningar bygginga þjónustusels og hjúkrunarheimilis vekur hjá mér sára reiði og vonbrigði. Um áramót 2009/2010 tók gildi samningur Borgar og ríkis að hjúkrunarþjónusta m.a. fyrir aldra og samræmd og heilddræg yfirstjórn heimilisþjónustu mála væri vistuð hjá velferðarsviði Borgarinnar.

Ég tek undir með Styrmi „- Það eru engin prinsipp, það eru engar hugsjónir, það er ekki neitt. Það er bara tækifærismennska, valdabarátta.“



DAS við Sléttuveg þjónustusel- og hjúkrunarheimili.

Vel á þriðja hundrað íbúða eru í Sléttuvegs hverfinu fyrir aldraða. Samtök aldraðra buðu og byggðu húsnæði að Sléttuvegi 23, 2004 til að hýsa þessa þjónustu þar til þjónustuselið væri fullbyggt, borgin tók húsnæðið á leigu og greiddi leigugjald til 2010 og en var þjónustuselið ekki komið en allir sjóðir Borgarinnar tæmdir.

Samtök aldraðra og DAS byggingar rekstraraðili Selsins þóttu nóg komið og fékk húsnæði hjá Grensáskirkju til borgarafundar um málið en borgarfulltrúar vildu heldur fund með okkur og borgarstjóra. Fundurinn leiddi í ljós að aldrei hafði verið



Já - Loksins-Loksins- eða hvað?

gengið frá samningum milli aðila um leigu húsnæðisins, eða þjónustu og rekstrarsamningi. Og ekki höfðu borgarfulltrúar hugmynd um hjúkrunarheimilið sem Jóhanna félagsmálaráðherra Sigurðardóttir setti á framtíðarfjárlög eða að borgin væri lögum samkvæmt 15% kostnaðaraðili.

Því nú er allt í óefni komið, því ríkisstjórn setti 2011 fram nýja framkvæmdaröðun fyrir hjúkrunarheimilisbyggingar fyrir landið allt,

Reykjavík er ekki á þeim lista þrátt fyrir fækkun rýma um 140 á síðasta ári vegna einsetningar.

Og en er kjördæmapotið að - á fullum krafti, já fullum krafti.

Í fyrsta kafla laga um aldraða nr.125/1999 eru markmið laganna skýrð.

Markmið.

1. gr. Markmið þessara laga er að aldraðir eigi vól á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða.

Einnig er markmið laganna að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanarþjónusta þegar hennar er þörf.

Við framkvæmd laganna skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur.

„---- Hvort lentuð þið þá í hálfvelgju, hiki Og hugsjónaflotta, góðir menn?

Hefur viljinn, sem bjó í þeim dáðfúsum draumum,

Sig dregið í skel fyrir vaxtarins straumum. Þeir svari, sem vilja. En sjá hér er landið ! Og sjá hér er fólkið !

Hvað vottast þar? ---“

(Jóhannes úr Kötlum)

Hver er óskinn? Fá svæðisbundna hjúkrunar- og heimilisþjónustu í Sléttuvegshverfinu, þá uppskerum við öryggi, sjálfstæði og reisin íbúanna og miljarða sparnað fyrir ríkis og Borgarsjóð á ári.

Markmiðið að „allir búi heima sem lengst“ hentar auðvitað ekki öllum, því til að einstaklingur geti búið heima þarf að vera hægt að tryggja öryggi hans.

Erling Garðar Jónasson.

Það er kominn tími til að hin aldraða sveit risi upp!

Grein birt í Málefni Aldraðra 3. tbl. 2011, eftir Styrmi Gunnarsson (Birt hér með leyfi höfundar.)



Styrmir Gunnarsson f.v. ritstjóri

Í sumum Evrópulöndum er eitt helsta átakaefni á tímum niðurskurðar hækkun eftirlaunaaldurs, sem hefur verið mun lægri í Frakklandi en t.d. hér. Samt sem áður hafa orðið hörð pólitísk átök og jafnvel götumótmæli vegna aðgerða stjórnvalda til að hækka þessi aldersmörk. Nú um þessar mundir eru Ítalir að hefjast handa um mikinn niðurskurð útgjalda hjá sér. Eitt af því, sem á að gera til að dragaúr útgjöldum þar er að hækka eftirlaunaaldur kvenna. Í öðrum Evrópulöndum, sem eru með niðurskurðarhnífinn á lofti eru eftirlaun beinlínis lækkuð. Hér á Íslandi hafa kjör aldraðra líka verið skert og líkar mörgum illa. Allt er þetta til marks um að víða um lönd er talið að útgjöld vegna fólks á efri árum séu að verða of þung byrði. Það fer saman við fjölgun í þessum aldersflokki.

Eftir að hafa verið í nokkur ár á áttárísaldri finnst mér þó annað skipta meira máli. Þá á ég við það grundvallarviðhorf, sem hefur lengi verið ríkjandi til fólks, sem komið er yfir aldersmörk. Það er að sjálfsgöðu vinsamlegt en það er innbyggt í þjóðfélagskerfið, að frá og með þeim aldri eigi fólk að sitja á hliðarlínu og hafa hægt um sig.

Ef við tökum umbúðirnar utan af vinsamlegu tali hljóðar það svona: Við ætlum að sjá um ykkur en þið látið okkur í friði að öðru leyti. Í þessu felst að þið farið út af vinnumarkaði ekki seinna en um sjötugt. Það eru óskráð lög að þið bjóðið ykkur ekki fram til opinberra starfa eftir sjötugt. Það er gömul venja, að við óskum ekki eftir því að þið gegnið trúnaðarstörfum fyrir einum eða öðrum hætti eftirsjötugt. O.s.v.frv. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta sé úrelt og gamaldags viðhorf og að samfélagið hafi ekki efni á því lengur. Svonefndir aldraðir búa við betri heilsu nú en fyrir hálfri öld og lífa lengur. Þeim fjölga. Þeir hafa kosningarétt til dauðadags. Þeir eru því umtalsvert þjóðfélagsafl stilli þeir saman strengi sína.

Það er tími til kominn að þeir sjálfir taki frumkvæði að því að segja: Nú skulum við stokka þessi spil upp. Við sjáum um okkur sjálf en í því felst að lögfesting á því að fólk skuli teljast til gamalmenna frá sjötugu eða samningsbundin ákvæði þar um verði afnumin

og að þeir, sem komnir eru á þennan aldur hafi sömu réttindi og aðrir þjóðfélagsþegnar, hvort sem er til starfa á vinnumarkaði, trúnaðarstarfa eða til annarrar þjónustu. Í því felst ekki að hin aldraða sveit eigi að sitja sem fastast í sínum sætum, þannig að yngra fólk komist ekki að. Í því felst eingöngu að það verði ekki breyting á mannréttindum viðsjötugsaldurs.

Það er engin ástæða til þess, að það sé einhver viðtekin venja, að ekki sé talað um lagaskylda eða fullfrískt fólk hætti að vinna, þegar það verður 70 ára gamalt. Það er sjálfsagt að þeir sem þess óska geri það. En það er jafn sjálfsagt að þeir, sem óska eftir að halda áfram vinnu geti gert það án þess að það teljist til einhverra furðulegra undantekninga.

Út af fyrir sig er engum bannað að vinna í dag en augljóst að þeir gera það tæpast nema á eigin vegum. Í þeirri óskráðu reglu, að fólk bjóði sig ekki fram til opinberra starfa eftir sjötugt felst að yngri aldersflokkar séu betur til þess fallnir að stjórna sameiginlegum málefnum lands og þjóðar en hinir eldri. Er það víst að svo sé? Ekki sýnir reynslan það endilega. (Myndbirtingar af gömlu hetjunum eru



ábyrgðar manns) til 1945, en tók við á nýja leik 1951 til 1955.



ábyrgðar manns) Það var gamall maður, sem stýrði Bretlandi til sigurs í heimsstyrjöldinni síðari, Winston Churchill varð forsætisráðherra Bretlands 10. maí 1940, sama dag og Ísland var hernumið af Bretum. Hann gegndi þeirri stöðu

Það var gamall maður, sem reisti Þýskaland úr rústum eftir heimsstyrjöldina síðari. Konrad Hermann Joseph Adenauer Chancellor Vestur-Þýskalands frá 1949 til 1963, Það var gamall maður kosinn forseti Írlands fyrir nokkrum vikum.

Michael D. Higgins nýr forseti Írlands fæddur 1941. Ég lýsti þeim skoðunum á fundi í Félagi eldri borgara í Kópavogi hinn 12. nóvember sl. að það væri kominn tími á að hin aldna sveit risi upp og léti til



sín taka – ekki sízt í ljósi þess, að eitthvað virtist skorta á lífsreynslu og visku þeirra, sem yngri væru. Ég átti von á að þessum sjónarmiðum yrði mætt með miklum efasendum. Mér kom algerlega á óvart hvað undirtektir voru góðar, sem

sannfærði mig um að margir hefðu verið að hugsa það sama hver fyrir sig. Í þessu felst ekki tillaga um uppreisn hinna öldruðu! En hinsvegar hvatning til þessa aldurs flokkum að hefjast handa um að breyta ríkjandi viðhorfum í samfélaginu. Það er rétt að eldra fólk hefur ekki sama þrek og úthald og yngra fólk. En það er líka rétt að eldra fólk býr yfir meiri lífsreynslu en yngra fólk. Og það er augljóst að það er gagn af því fyrir samfélagið að þetta tvennt fari saman. Þetta er tillaga um nýja hugmyndafræði umræðum um kynslóðirnar og aldurshópana Kannski finnst einhverjum jafnöldrum mínum og

þeir sem enn eldri eru hættu á því að barátta fyrir hinum sérstöku hagsmunamálum aldraðra mundi falla í skuggann fyrir baráttu fyrir gjörbreyttum viðhorfum í samfélaginu í okkar garð. Ég held að það sé ekki hættu á því. Þvert á móti tel ég að hugmyndafræði af þessu tagi mundi styðja betur við baráttu aldraðra fyrir hinum sérstöku hagsmunamálum sínum en það viðhorf sem nú ríkir og byggist á því



að þetta og hitt þurfi að gera fyrir þennan aldursflokk eða að hann eigi rétt á einhverju vegna fyrir starfa og framlags í þágubjóðfélagsins. Þessar hugleiðingar eru settar fram hinni öldruðu sveit Íslendinga til umhugsunar.

Michael D. Higgins í göngutúr!.



Tarkett viðarparket

Verðdæmi:
Eik 3ja stafa kr. 4.590 m²



ALFABORG

Skútuvoði 6 - Sími 568 6755



Nýtt
2-lock
endalæsing

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

stjórnarformaður Eirar og fyrrv. borgarstjóri



Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Búsetuúrræði aldraðra – hvert stefnir?

Stjórnvöld minnst stundum á búsetuúrræði aldraðra, ráðherrar gefa hástemmdar yfirlýsingar á nokkra ára fresti um aðgerðir, það eru haldnar ráðstefnur og einstaka stjórnámálemenn hafa lagt á sig að nefna þessi mál í skrifum sínum og ræðum. Síðan gerist fátt. Staðreyndin er sú, að áhugi

stjórnvalda á þessum málum er lítill. Áður fyrr var miklu meiri áhugi almennt á málefnum aldraðra, jafnt hjá Alþingi og í sveitarstjórnum.

Bæði ríki og sveitarfélög stóðu áður fyrr fyrir margvíslegum framkvæmdum sem tryggði hundruðum eldri borgara góð búsetuúrræði. Í því sambandi má nefna uppbyggingu þjónustuíbúða á vegum Reykjavíkurborgar á árunum 1970 til 1994, þar sem byggðar voru mörg hundruð íbúðir í tengslum við þjónustukjarna. Nú er öldin önnur og hefur t.d. Reykjavíkurborg byggt fáar þjónustuíbúðir í tæp 18 ár og á síðustu árum hefur átt sér stað afar lítil fjölgun á félagslegu leiguhúsnæði fyrir eldri borgara.

Mikilvægir áfangar

Það sem einkum hefur átt sér stað í eflingu búsetuúrræða fyrir eldri borgara er bygging öryggis- og þjónustuíbúða Eirar og Hrafnistu og íbúðir á vegum Samtaka aldraðra, þar sem enginn fjárhagslegur stuðningur hefur komið, hvorki frá ríki né borg. Einnig skipti sköpum forysta Reykjavíkurborgar á árum 1983 - 1994 um byggingu upp 600 eignaríbúða í tengslum við 8 öflugra félags- og þjónustukjarna í hverfum borgarinnar, sem Reykjavíkurborg byggði og rekur. Bygging sérhannaðra íbúða fyrir eldri borgara á vegum Samtaka aldraðra síðustu fjóra áratugina hefur enn frekar fjölga búsetuúrræðum fyrir eldri borgara, en á þeirra vegum hafa verið byggðar 415 íbúðir.

Samtök aldraðra hafa unnið fábært starf á þessum vettvangi og eiga heiður skilinn. Einnig hefur félagi eldri borgarar í Reykjavík staðið að byggingu íbúða fyrir eldri borgara og byggir í dag 50 íbúðir í tengslum við Gerðuberg í Breiðholti. Ríkisvaldið hefur nánast ekkert lagt af mörkum hvað varðar framkvæmdir í búsetuúrræðum fyrir aldraða utan byggingu hjúkrunarheimila. Hjúkrunarheimilin sinna á hinn bóginn eingöngu þeim sem þurfa á fjölþættri heilbrigðisþjónustu að halda, þegar ekki er hægt að tryggja hana í þjónustuíbúðum né í eigin húsnæði.

Meginmarkmiðið er að eldri borgarar eiga að hafa val um búsetuúrræði og þeir sem vilja og hafa heilsu til geti búið sem lengst í heimahúsi. En þeir sem kjósa önnur búsetuúrræði, m.a. vegna óska um félagslega nærveru,

eiga einnig að hafa val. Afskipti ríkis og sveitarfélaga af búsetuúrræðum fyrir eldri borgara eiga fyrst og fremst að miðast við þá eldri borgara sem þurfa liðsinni vegna bágs efnahags og af heilsufarsástæðum.

Hlutverk ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka

Í dag hafa sveitarfélögin dregið verulega úr byggingu þjónustuíbúða og jafnframt nánast ekkert fjölgað félagslegum leiguíbúðum fyrir eldri borgara. Vissulega má finna undantekningar frá þessu en þær eru ekki margar. Ríki og sveitarfélög gætu með ákveðnum aðgerðum auðveldað bæði einstaklingum og félagasamtökum að byggja hagkvæm búsetuúrræði fyrir eldri borgara. Það væri t.d. hægt að gera með stofnstyrkjum vegna bygginga þjónustuíbúða eða sambýla fyrir eldri borgara, viðráðanlegum vaxtakjörum og lægri skattaálögum á húsnæði. Einnig með auknum húsaleigubótum fyrir eldri borgara og rýmkun reglna um greiðslu sérstakra húsaleigubóta.

T.d. er staðan sú í dag, að Reykjavíkurborg greiðir ekki sérstakar húsaleigubætur til viðbótar hefðbundnum húsaleigubótum til þeirra einstaklinga sem leigja í öryggisíbúðum Eirar og sem ekki eru þar í félagslegu húsnæði á vegum borgarinnar. Sama á við um öryggisíbúðir Hrafnistu og leiguhúsnæði á vegum Öryrkjabandalagsins. Hér er eingöngu átt við þá íbúa sem uppfylla þær reglur er gilda um greiðslu slíkra bóta.

Rétt er taka fram að Reykjavíkurborg taldi sig hafa fulla heimild til að setja slíkar reglur en Innanríkisráðuneytið úrskurðaði í nóv. 2010 í framhaldi af kæru Öryrkjabandalagsins, að þessi regla borgarinnar væri brot á jafnræðisreglu og beindi þeim tilmælum til borgarinnar, að allir sem uppfylla skilyrði reglna um að fá sérstakar húsaleigubætur fái þær. Enn hefur Reykjavíkurborg ekki breytt reglunum.

Ef stjórnvöld hafa einlægan vilja til að efla og styrkja margvísleg búsetuúrræði fyrir eldri borgara hvet ég þau til að kalla saman þá aðila, sem hafa reynslu af þessum málum, auk fulltrúa frá Landssambandi eldri borgara og e.t.v. fleiri hagsmunaaðilum. Þar mætti t.d. ræða hver sé stefna ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka og gera tilraun til að svara spurningunni; Hvert stefnir-hver á að gera hvað? Ef ekki er áhugi fyrir slíku, endurspeglar það í raun það sem ég gat um í upphafi þessarar greinar, þ.e. að áhugi stjórnámálanna á búsetuúrræðum aldraðra sé lítill.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Getum við dansað frá skerðingum og margsköttun

Nei og aftur nei, verkefni okkar er nú sem áður varnar- og sóknarbarátta fyrir minnihlutahóp sem var og er búinn að leggja sitt af mörkum við að byggja upp menningarstyrk íslenskrar þjóðar, almennar tryggingar og tryggingarsjóði sem við aldraðir eigum skilið að njóta af á ævikvöldi í stað eignarnáms og margsköttunar.

Sá veruleiki sem nú blasir við eldri borgurum má skilgreina án flækju á eftirfarandi hátt;

Það er næsta ómögulegt að dansa frá drunganum fyrir alltof marga eldri borgara,

Það er næsta ómögulegt að ná framfærslu fyrir alltof marga eldri borgara,

Það er næsta ómögulegt að eiga fyrir lyfjum fyrir alltof marga eldri borgara,

Það er næsta ómögulegt að eiga sparifé fyrir eldri borgara.

Það er næsta ómögulegt að vera vinnufús eldri borgari

Það er næsta ómögulegt fyrir eldri borgara að eiga fyrir þjónustugjöldum sveitarfélaganna,

Það er næsta ómögulegt að fá pláss á dvalar eða hjúkrunarheimili fyrir eldri borgara.

Ljóst er orðið fyrir þó, að aldraðir eiga fáa pólitíska málsvara í flokkaflorunni.

Þann 1. júlí 2009 gerði Félagmálaráðherra skyndibreytingar á lögum um almannatryggingar, þannig að lífeyrissjóðstekjur hefðu áhrif á útreikning grunnlífeyris og var frítekjumarkið sett við 214.602 kr. Auðfengnir miljarðar þar í ríkissjóð, engin spurður, ekkert samráð bara rússnesk tilskipunaraðferð valdstjórnar. Slíkir gerendur ættu að hafa vit á að skammast sín. Nú er svo komið að margur aldraður Jón og mörg öldruð Gunna hafa 1.50 kr. af hverjum tíu í tekjur en ríkið hirðir 8.50 kr. Með sinni aðferð. Stefán Stokkseyringur þóttist sjá dóm í júlí-árásinni og kvað ljóðið;

„Á okkur dæmist á sukkinu sökin.

Og svelta því megum um ókomna tíð.“

Já, það gæti verið við höfum einhverja sök, en hún er ekki svo fyrirferðamikil að nauðsyn sé að svelta okkur af stjórnvöldum með gerningum sem er andstæð grunnlögum málefnis.

Ísland er ríkt land af verðmætum gæðum sem veitir okkur allt sem við þurfum og meira til, svosem dekurmál sérsinna í lista og menningarmálum og ýmislegt annað sem við höfum haft efni á. En því miður ýmislegt sem var ekki efni að byggja og en síður að reka, s.s Tónlistarhöll

Þetta hefur okkur tekist með því að nýta og nota rétt náttúruauðlindir landsins til sjávar og sveita.

Samtök aldraðra hafa líka lagt sitt af mörkum í kjarabaráttu aldraðra. Samtökin skuldar engum neitt og hefur aldrei fengið fjárhagslegan styrk, hvorki frá ríki eða Reykjavíkurborg á sínum 40

ára starfsferli, ólíkt öðrum sambærilegum félögum og stendur því á styrkum fótum í þeirri baráttu. Ekki einu sinni tónleikastyrk frá Sif úr Framkvæmdarsjóði aldraðra eins og sumir. Samtökin ætla áfram að mæta til framtíðarverkefna með sína reynslu og óþrjótandi elju í góðu samstarfi við alla þá sem sýna og sanna að þeir séu verðugir samstarfsaðilar, lausir við blaður, sýndarmennsku og innihaldslausan afrekskrá í hagsmunagæslu fyrir eldri borgara frá fæðingu til þessa dags. Eða þá stjórnámálemenn sem hafa vilja og þor til leggja sitt af mörkum til að aldraðir búi við reisin á ævikvöldi.

Samtök aldraðra voru stofnuð 1973 í þeim tilgangi að vinna að hagsmunagæslu fyrir eldri borgara með fimm megin markmið að leiðarljósi.

1. Stuðla að byggingu hentugra íbúða fyrir aldraða.
2. Vinna að aukningu á sjúkrarýmum fyrir aldraða.
3. Stuðla að bættri þjónustu hins opinbera við aldraða í heimahúsum.
4. Stuðla að samvinnu við hliðstæð félög.
5. Vinna gegn því að öldruðum sé íþyngt með skattaálögum.

Í heil stæðri löggjöf um málefni aldraðra nr. 125/1999 segir um tilgang laganna:

Lögin fela í sér þau markmið að gera öldruðum fært að lifa eðlilegu heimilislífi eins lengi og kostur er og að öldruðum sé tryggð þjónusta þegar hennar er þörf og í samræmi við þarfir.

Að lokum; Með lögum skal land byggja!

Erling Garðar Jónasson.

MUNIÐ AÐALFUND SAMTAKA ALDRAÐRA 25. APRÍL N.K.



Samtök aldraðra í útrás!

Byggingarflokkur Kópavogur 1. Kópavogstún 2-4.

Í aðdraganda samninga við Dverghamar ehf, fóru fram margir formlegir og óformlegir fundir m.a. með fulltrúum bæjarráðs Kópavogskaupstaðar um almenna og lögbundna þjónustuskýldur við eldri borgara og síðan fundur með stjórn Sunnuhlíðar-samtakannaum sama efni og þjónustugetu þeirra. Var óskum Samtaka aldraðra vel tekið af báðum og stefnt að á byggingartíma verði, með þátttöku byggjenda, samningar útfærðir.



nóvember 2013. Húsið verður sex hæðir byggt af byggingarfélaginu Dverghamar ehf. í samvinnu við Samtök aldraðra. Í húsinu verða 28 íbúðir, 30 stæði í bílgeymslu, þvottastæði, dekkjageymsla og geymslur. 8 tveggja herbergja íbúðir, 18 þriggja herbergja íbúðir og tvær toppíbúðir á 6. hæð.

Sala íbúða hefur gengið vel, en enn eru nokkrar lausar. Til hamingju Kópavogsbúar og félagar samtakanna þar.



Sr. Sigurður Arnarsson.



Samningur undirritaður 10. 11. 2011



Úff! hvað þetta er frosið!

Fyrsta skóflustungan var tekin af Guðríði Arnardóttur formanni bæjarráðs Kópavogs 26. janúar s.l. Sóknarprestur Kópavogskirkju Séra Sigurður Arnarson stjórnaði þeirri athöfn og bað um blessun Guðs og velferð vegna framkvæmdanna og væntanlegra íbúa húsanna. Guðríður Arnardóttir formaður bæjarráðs heiðraði verkefnið og tók nokkrar skóflustungur til að flýta verklokum og því loknu flutti hún hamingjuóskir fyrir hönd Kópavogsbæjar.



Aðstandendur mættu með bros á vör.



Formaður bæjarráðs við undirritun viljayfirlýsingar.

Búið er að grafa fyrir húsinu og er framkvæmdir við uppsteypu komnar í gang. Áætlað er að skila húsinu til byggjenda um miðjan



Kaffi og kleinur í safnaðarheimili.

Fyrsti verkfundur Kópavogstún 2-4

Verkfundur nr. 1, miðvikudaginn 7. mars. 2012, kl. 10.00.

Mættir:

Guðmundur R. Guðmundsson Dverghamrar ehf.

Sigurður Kjartansson fullt. byggjenda.

Karl Birgisson Mannvit.

Ingvar Georgsson og Ingólfur Antonsson Samtök aldraðra.

1. Verkstaða: Lokið er grefti fyrir húsi og bílgeymslu. Lokið er fyllingu undir sökkla. Samb. á þjöppuprófi fyrir rúmum helming fyllingar liggur fyrir. Búið er að greiða lóðargjöld til Kópavogskaupstaðar. Eignaskiptasamningur er í þinglýsingu. Unnt er að fara í gerð kaupsamninga þegar hann liggur fyrir. Samþykktar byggingarnefndar-, burðarþols-, lagna- og raflagna-teikningar liggja fyrir.

2. Verkáætlun: Verkáætlun gerir ráð fyrir að húsinu verði skilað 15. nóv. 2013. Áætlun verður kynnt á næsta fundi.

Fundargerð með byggjendum dags. 1. mars sl :

Á fundinum kom fram að byggjendur fara fram á að upplýst verði um val á búnaði og nánari uppl. um innréttingar.

Aksturshurð að bílgeymslu: Vandað verði val á innkeyrslu-hurð inn í bílgeymslu. Sterkbyggður búnaður og traustur efnissali. Verið er að kanna hvað er í boði. Hæð á hurðagati er teiknað 230 cm. Mjög lítil hæð er fyrir ofan hurðina.

Heinlætis og blöndunartæki verða keypt hjá Tengi í

Kópavogi. Val verður kynnt fljótlega.

Tæki í eldhúsi: Valin verði viðurkennd tæki frá ábyrgum efnissala. Verið er að skoða tilboð frá efnissölum. Verður kynnt þegar niðurstaða er fengin.

Innréttingar: Tilboði frá G.K.S. er í vinnslu. Ósk er um hæglökandi skúffur bæði í eldhúsi og baði, ennfremur að hurð fyrir skáp undir vaski verði á braut. Spóninn verði flanaður. Dverghamrar munu leggja fram teikningar og lýsingu þegar málið er farið að skýrast. Sama á við um innhurðir. Í skoðun er tilboð í Íslenskar eða Þýskar hurðir. Flísar og gólfefni verður keypt af Álfaborg hf. v. Skútvog.

3. Ísskápar: J.M. og S.K. segja að það komi sér á óvart að ekki eigi að vera „amerískir“ ísskápar í eldhúsum. Telja að því hafa verið lýst þannig á kynningarfundum og lesa megi það af teikningum frá arkitekt að ísskápar séu „amerískir“.

Í skilalýsingu samtakanna við Dverghamra er tekið fram að í íbúðum eigi að vera ísskápar með frysti.

Var þá haft í huga skáp 60x185 ám. Ef óskað er eftir breytingu skal semja um það við Dverghamra.

4. Allar óskir um breytingar skal senda skriflega á Dverghamra og skal semja um verð strax. Breytingar geta valdið töfum á afhendingu viðkomandi íbúðar án bótakröfu á hendur seljanda. Meiriháttar breytingar skal kynna samtökunum.

Fundi slitið kl. 11.30. Ritað af I.A.



víb

Sparnaðarþjónusta fyrir alla

VÍB veitir sparifjäreigendum og fagfjáfestum alhliða þjónustu

VÍB - Eignastýringarþjónusta Íslandsbanka er leiðandi á íslenskum markaði og veitir alhliða eignastýringar- og verðbréfabjónustu með áherslu á fagmennsku og fræðslu.

Eigna- og lífeyrisþjónusta
Hefðbundin ávöxtun, sparnaður í áskrift, stakar fjárfestingar og lífeyrissparnaður með aðstoð sérfræðinga okkar.

Einkabankþjónusta
Viðskiptavinum sem gera ríkar kröfur býðst sérsniðin einkabankþjónusta þar sem viðskiptastjóri annast stýringu eignasafnsins og veitir margvíslega ráðgjöf.

Netbanki
Aðgangur að kauphöll og eitt breiðasta sjóðaúrval landsins fyrir þá sem stýra eignasafni sínu sjálfir.

Fáðu nánari upplýsingar á www.vib.is eða pantaðu viðtal við ráðgjafa í síma 440 4900.

© 2012 VÍB - Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is | www.vib.is

Tilkynning frá DAS.

Verkefnastjóri Hrafnistu við Sléttuveg



Gengið hefur verið frá ráðningu verkefnastjóra Hrafnistu á Sléttuvegi. Eins og kynnt hefur verið er ætlunin að á næstunni verði ráðist í framkvæmdir á svæði Hrafnistu við Sléttuveg í Reykjavík. Þar munum við byggja þjónustumiðstöð, hjúkrunarheimili og um 100 þjónustu- og öryggisíbúðir fyrir aldraða. Líklegt er að byggingarnar verði reistar í þessari röð.

Sigríður Ólafsdóttir

Starf verkefnastjóra við Sléttuveg nýtt í skipuriti Hrafnistu. Verkefnastjórinn hefur umsjón/verkefnastjórn með öllum undirbúningi vegna fyrirhugaðrar byggingar og starfsemi þjónustumiðstöðvar og hjúkrunarheimilis Hrafnistu við Sléttuveg. Innan þess eru hönnunarlegir, starfslegir, mannaúts- og rekstrarlegir þættir í starfsemi og þjónustu Hrafnistu en þó ekki byggingarstjórnun. Jafnframt tekur verkefnastjóri þátt í áætlanagerð sem síðan er unnin í samráði við framkvæmdastjórn Hrafnistu og Stjórn Sjómannaáráðs, m.a. sér um ritun og dreifingu fundargerða allra undirbúningsfunda og utanumhald fundargagna fyrir og eftir vinnufundi. Sigríður Ólafsdóttir hefur verið ráðin verkefnastjóri Hrafnistu við Sléttuveg.

Auk þess að vera menntuð félagsráðgjafi, hefur Sigríður meðal annars einnig masterspróf í félagsvísindum og hefur lokið

diplómanámi í starfsmannastjórnun. Undanfarið hefur Sigríður starfað sem forstöðumaður við þjónustuíbúðakjarnann og félagsmiðstöðina Norðurbrún 1 (sem samtengd er Hrafnistu í Reykjavík).



Sléttuvegur 29-31

Hún hefur einnig víðtæka starfsreynslu meðal annars frá öðrum störfum fyrir Reykjavíkurborg og Tryggingastofnun ríkisins.

Það er fengur að fá Sigríði til starfa en hennar biða mikil og vandasöm verkefni við undirbúning starfsemi okkar á Sléttuvegi. Við bjóðum Sigríði velkomna í Hrafnistuhópinn en hún mun hefja störf hlutastarfi nú í febrúar en byrjar svo í fullu starfi í apríl.

Skýrsla stjórnar Samtaka aldraða vegna húsanna Sléttuvegur 29-31

Framkvæmdir við byggingu Sléttuvegar 29-31 hófust með stofnun nýs byggingarflokks á fundi á vegum Samtaka aldraða á Hótel Hilton Nordika haustið 2008. Gerð var grein fyrir undirbúningi sem verið hafði í gangi á vegum samtakanna vegna byggingar 58 íbúða húss að Sléttuvegi 29-31, þar af var ein íbúð ætluð fyrir húsvörð. Heildarkostnaður við framkvæmdina var áætlaður 1.782 millj.kr. á verðlagi apríl 2009. Áætlað verð íbúðanna var talið hagstætt miðað við markaðinn eins og hann var þá. Parket (Efnisverð) með undirlagi og gólflistum var ekki inn í áætluðu verði. Um íbúðirnar sóttu 393 félagsmenn. Mikil forvinna hafði verið unnin á vegum samtakanna áður en þessum áfanga var náð. Byggingarnefnd samtakanna hafði lokið öllum undirbúningi, m.a. gengið frá lóðarsamning við Reykjavíkurborg, samið við hönnuði og gengið frá verksamningi við Atafll hf. sem aðalverktaka svo næst var að hefja framkvæmdir.

Undirbúningur framkvæmda hófst með staðfestingu Landsbanka á fjármögnun framkvæmda 2007., með frábærum meðmælum

stjórnanda bankans vegna fyrri viðskipta samtakanna og bankans, sem þýddi fulla ferð með undirbúninginn. og í upphafi árs 2008 lá fyrir endanleg staðfesting bankans um brúarlánin yrðu tiltæk byggjendum með sama hætti og kostnaði sem byggjendur Sléttuvegar 19-21-23 höfðu búið við.

Það verður að vera öllum félagsmönnum ljóst að allar breytingar á verkferlum byggingarframkvæmda Sléttuvegar 29-31 og umsýsluformi, var niðurstaða mikillar vinnu stjórnar samtakanna við að mæta þeim staðreyndum sem blöstu við þegar staðfest fjármögnunar og þjónustu loforð Landsbanka var endanlega dregið til baka við hrun bankanna í október 2008. Ekki var til neins að leita nema við greiðslu okurvaxta sem voru mun hærri en tíðkuðust hjá okurlánurum fyrri tíma á Íslandi, svo ekki sé gleymd sú staðreynd að sama okur gildir um þinglýsingar skammtímalána og langtímalána og reyndar má hér bæta við að kostnaður við yfirdráttarlán (brúarlán) komu aldrei til umræðu, nema matröðum næturóróleika stjórnarmanna út af stöðu mála.

Strax fyrstu viku í október, vikunni svörtu, var ljóst að í öfni stefndi í bankamálum.

Yfirmaður fyrirtækjasviðs Landsbankans boðaði fulltrúa samtakanna á fund strax í upphafi vikunnar og tilkynnti að bankinn myndi sennilega ekki geta staðið við sín loforð um



Sléttuvegshverfið

fjármálaþjónustu vegna framkvæmdanna við Sléttuveg. Var þá ljóst að mikill vandi blasti við samtökunum. Þessi niðurstaða var mikið reiðarslag og fullljóst báðum aðilum að þessi nýja staða bankans og bankakerfisins í heild yrði Samtökum aldraðra mjög kostnaðarsöm og erfið.

Viðbrögð stjórnar samtakanna voru að efna til neyðarfundar vegna stöðunnar sem í raun kollvarpaði öllum áformum nýframkvæmda við Sléttuveg og var sem reiðarslag fyrir þá ábyrgu fjármálastjórn sem Samtök aldraðra hafa ávalt kappkostað að viðhafa. Ákveðið var að fresta undirskrift samnings við verktakann í ljósi breyttra viðhorfa.

Gatnagerðargjöld og hönnun voru þá komin í um 160.0 mkr, sem voru að láni annars vegar frá Landsbanka og hins vegar frá hönnuðum, því samkvæmt þeim grunni sem samtökin eru byggð á, lögum um byggingar samvinnufélög, er ekki gert ráð fyrir að safnað sé fé í varasjóði eða stofnsjóði.

Einu eignir samtakanna eru skuldlaust skrifstofuhúsnæði og rekstrarsjóður. Við mat á því hvernig skyldi bregðast við þessum óvæntu atburðum var óhjákvæmilegt að stjórnin hefði efst í huga þá miklu eftirspurn sem var fyrir íbúðunum, 394 umsóknir um 57 íbúðir.

Frestun framkvæmda var auðvitað fyrsti valkostur sem skoðaður var þar sem sérfræðingar Landsbankans lögðu það til. Landsbankinn lagði mikla áherslu á að stjórn samtakanna frestaði framkvæmdum og bauð samtökunum lán á skammtíma vöxtum um óákveðin tíma fyrir þeim kostnaði á framkvæmdina væri fallin. Kostnaður við frestun, miðaður við vaxtatilboð Landsbanka var áætlaður 40. mkr. á ári.

Síðari kostur að halda áfram hálfnuðu verki var líka ógnvekjandi miðað við fyrstu fregnir um möguleika byggjenda á nauðsynlegri fyrirgreiðslu bankanna og spá um hrun á fasteignamarkaði. Gatnagerðar og byggingarleyfisgjöld ásamt með hönnunarkostnaði var komin í þá stærð að endalok Samtaka aldraðra yrðu þau sömu og gömlu bankanna. Sem sagt, eitt leiðir að öðru. Og þetta annað var gjaldþrot.

Haldnir voru alls 16 fundir, með ráðherra félagsmála, bönkum, verðbréfasjóðum, lífeyrissjóðum og Íbúðalánasjóði. Einnig voru haldnir fjórir fundir til að ná til allra umsækjanda til að kanna

viðhorf þeirra til framkvæmdarinnar og áhuga á þátttöku. Þá er rétt að fram komi að formleg afhending lóðanna tafaðist um eitt ár, vegna tímaskorts þáverandi borgarstjóra, en fékk afgreiðslu sölhring eftir að nýr tók við. Án afgreiðslu ekkert byggingarleyfi. Við þetta þarf því miður að bæta að samstarf Samtaka aldraðra og núverandi meirihluta borgarstjórnar hefur vægt til orða tekið verið dapurleg og árangurslítið. Samstarfsnefnd Velferðarráðs um málefni aldraðra var lögð niður í þeim eina tilgangi að losna við Samtök aldraðra, enn önnur skipuð með tvöföldum fulltrúa Félags eldri borgara. Hvað liggur þar að baki höfum við ekki hugmynd um. En erum sárgramir ef ástæða þessa er að margítrekað tilboð borgarinnar um kaup eða leiga 20 íbúða í þessum nýju húsum Sléttuveg 29-31 var alfarið hafnað af stjórn samtakanna þrátt fyrir söluerfiðleika. Þessi afgreiðsla byggði aðallega tveim atriðum, annars vegar á lögum um Byggingarsamvinnufélögum og félaglegum kröfum samþykktu samtakanna.

Þann 19.03.2009 tókst að ná samkomulagi við Atafli um að hefja framkvæmdir í fyrstu viku apríl mánaðar á grundvelli alls þess sem áður er sagt um fyrirgreiðslu lausnir fyrir byggjendur. Ásamt samkomulagi um fjármögnun þátttöku Atafli á að allt að 10 íbúða að foheldu. (Við foheldi náðust samningar um að Atafli fjármagnaði allt að tíu tilbúnum íbúðum). Þá var einnig samið við nýju bankanna og lífeyrissjóði að aðstoða sýna viðskiptavinum sem væru byggjendur ef til þeirra yrði leitað.

Byggjendur og stjórn samtakanna ákváðu því að skynsamlegast væri að hefja framkvæmdir og láta svartagaldursraus samtímans sem vind um eyrun líða. Enda frekar ljóst að verðhjóðnun yrði í slíkri kreppu á mörgum sviðum, t.d. álagningu og ýmiskonar þjónustu.

Nú þegar framkvæmdum er skilað, er ljóst að gáð hafði verið í hverja matarholu sem í vegi varð og ljóst að við náðum á leiðarenda vonandi ekki mikið særð af því mikla efnahagslega mótlæti sem þjóðin hefur mátt þola.

Það má líka vera ljóst að greiðslufrestreiðslur á mánaðar-greiðslum frá byggjenda vegna tregðu á skilum fjármagns vegna eignarsölu og vegna vöntunar brúarlána og vaxtabyrðar þeirra á byggingartíma, var nauðsynlegur, í mörgum tilfellum. Við vissum að þetta yrði eitt þeirra vandamála sem myndu upp koma. Þessi vandi var leystur með þolinmæði og skilningi stjórnar samtakanna um að hagsmunir heildarinnar byggðu á að allar íbúðirnar fengju sinn hirðir. Það tókst og það var kraftaverk á þessum erfiða tíma.

Eitt er ljóst af öllum þeim reynslusjóðum sem haustaðir hafa verið á greindri vegferð að Samtök aldraðra eru sterk og rík samtök af miklum velvilja og vinsemd sem situr í vitund allra sem til var leitað.

Fyrsta skóflustungan var tekin 3. apríl 2009 af Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni, forseta borgarstjórnar Reykjavíkur.

Áætlað var að skila húsinu til byggjenda 15. des. 2010. Íbúðum var skilað til eigenda á tímabilinu febrúar til mars 2011.

Tafir urðu m.a. vegna krafna embættis byggingarfulltrúa um að skilað væri inn jarðskjálftagreiningu sbr. Eurocode nr. 8 sem var nýr staðall frá EB. Skila átti greiningunni í tölvuforriti. Hús og ráðgjöf ehf. treysti sér ekki að ljúka hönnuninni eftir fyrri samskipti sín við embættið.

Tekin var ákvörðun í samráði við samtökin um að fela verkfræðistofunni Ferli ehf. um að ljúka hönnun burðarvirkis

hússins. Rétt er að geta þess að eigandi Húss og ráðgjöf sá um burðarþolshönnun á Dalbraut 14 og fórst það vel úr hendi, ennfremur hefur hann kennt burðarþolshönnun við háskólanna við góðan orðstír í mörg ár. Auknar kröfur embættis byggingarfulltrúa og sérvisku embættismanns tafði verkið um a.m.k. 6-8 vikur.



Unnið við grunn húsanna

Atafl fór fram á að skiladagur yrði færður aftur sem þessu nemur. Samkomulag náðist um að skiladagur yrði 31. janúar 2011. Fleiri atriði urðu til þess að verkið tafðist og má m.a. benda á að tilkynning kom frá steypustöð um að steypa yrði aðeins afhent á dagvinnutíma, tæki voru seld úr landi, álklaðning var ekki afhent frá framleiðanda vegna óvissu á greiðslum frá Íslandi ofl. ofl.

Afhending íbúða dróst fram yfir umsamda skiladag. Afhending íbúða á Sléttuvegi 29 tafðist lítið en tafir pr. íbúð á Sléttuvegi 31 voru rúmir 7 dagar. Samtals gerir þetta 2.3 millj. kr. í tafabætur.

Til viðbótar var samið um bætur fyrir óþægindi íbúa og viðbótarkostnað sem tafirnar ollu.

Samtals 46 dagar á kr 280.000,- sem gerir 12.9 millj. kr.

Samtök aldraðra hafa verið fram-kvæmdaraðili og hafa haft allan veg og vanda af framkvæmdinni, með liðstyrk þeirra ágætu aðila sem við höfum samið við um framkvæmdina, en þeir eru:



Húsin á leið í fohheldi

Aðalvertaki: Atafl hf.

Arkitekt: Arkhúsið ehf, Guðfinna Thordarson.

Burðarþol: Hús og ráðgjöf ehf og Ferill ehf, verkfræðistofa.

Lagnir: Mannvit ehf, verkfræðistofa.

Raflagnir: Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar ehf.

Eftirlit: Ingólfur Antonsson.

Endurskoðendur: Grant Thornton endurskoðun ehf.

Nú þegar upp er staðið og uppgjör fer fram er rétt að rifja upp nokkur atriði. Í húsinu eru 58 íbúðir, 47 þriggja herbergja íbúðir af nokkrum stærðum og 11 tveggja herbergja íbúðir. Á fyrstu hæð er 130 m² salur. Í kjallara eru 58 íbúðargeymslur, 4 tæknirými, 2 þvottahús og 2 snyrtingar. Bílgeymsla er í kjallara fyrir 58 bíla, dekkjageymsla og þvottastæði.

Íbúð húsvarðar er tveggja herbergja og er eign húsfélagsins.

Upphafleg kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 1.782 millj.kr. og var byggingarvísitala þá 490,7 stig.

Við lok framkvæmda er heildar byggingarkostnaður með verðbótum og viðbótarvekum 1.797,3 millj. kr.

Greiðslur til Atafis nema alls 1.571,7 millj. kr. sem sundurliðast þannig: samningsverk 1.493,8 kr., verðbætur 66,5 millj. kr. og ýmis viðbótarverk 24,3 millj. kr., s.s. flísalögn svala, breyting á sal, álflasningar v. lokunar á svölum, viðbótarkostnaður vegna húsvarðaríbúðar, mála svalaloft, frostlaugskerfi í snjóbræðslu í útkeyrslurampa, gólfhiti í göngusvalir ofl. Ennfremur var samið við Atafl um að setja handrið á bílgeymsluvegg yfir innkeyrslu hurð frá Skógarvegi og bæta við 20 trjám í beð á bílgeymsluþak, hvortveggja gert til að auka öryggi íbúa. Atafl með sínum undirvertaka munu flota í lægðir, sem vatn safnast fyrir í á bílgeymslugólfi. Eins og áður hefur komið fram seinkaði afhendingu hússins og var samkomulag um að Atafl greiði tafabætur 12,9 millj. kr. Hönnun umsjón, eftirlit ofl. 95.2 millj. kr. Opinber gjöld, 81,0 millj. kr. Tæki og búnaður 17.4 millj. kr. Annar kostnaður, 32.0 millj. kr.

Hagstofa Íslands upplýsti í apríl 2011 að fundist hafi kerfisvilla við útreikning á byggingarvísitölu. Villan leiddi af sé kerfisbundið vanmat á launakostnaði í vísitölnunni frá mars 2010 til apríl 2011. Villan varð til þess að verðbætur hækkuðu um rúmar 29,0 millj. kr.

Könnuð voru viðhorf nokkurra verkkaupa og félaga varðandi endurgreiðslu á viðbótarverðbótum. Svör vor á þá lund að ekki væri stætt á að hafna greiðslu. Samið var við Atafl um að greiða helming af kröfunni eða 14.5 millj. kr.

Byggingarkostnaður reyndist um -1,2% lægri en áætlunin.



Eftir undirritun lokauppgjörs, bauð Atafl upp á rauðsprettu í Kringlukránni

Byggingavísitalan hækkaði um næstum 6,4% á byggingatímanum sem hafði þau áhrif að samningsverkið hækkaði um 4%.

Brúttóflötur hússins er 9.382,9 m² og brúttó fermetraverð er um kr. 191 .þús. Sem er aðeins lægra verð en fermetraverð Sléttuvegar 19-23, þrátt fyrir ýtarlegri útfærslu á húsunum 29-31 og lóðar og umhverfis.

Í meðfylgjandi uppgjöri eru teknar með greiðslur á fasteigna og fráveitugjöldum fyrir árin 2010 og 2011, ennfremur greiðsla til Fasteignaskrár Íslands. Þetta er greiðsla sem skipt var eftir eignarhluta hvers byggjanda. Greiðsla á stimpilgjöldum og þinglýsingu var greiddur úr byggingarsjóð og skiptist hann jafnt á alla byggjendur. Þessar greiðslur eru ekki hluti að byggingarkostnaði en er talið eðlilegt að hann sé með í þessu uppgjöri. Lagðar voru 5,0 millj. kr inn á reikning húsfélagsins til að greiða búnað í sal, ræstitæki ofl. sem stofnað var til af stjórn húsfélagsins. Þetta er kostnaður sem fylgir húsinu til frambúðar og er talið eðlilegt að hann verði tekinn með í þetta uppgjör þó ekki sé hann tekinn með í eiginlegan byggingarkostnað. Samtals nema þessar greiðslu 14.7 millj. kr.

Atafl afhenti húsfélaginu að gjöf leðurklædd húsgögn, tvo fjögra sæta sófa, sextán stóla og tíu sófaborð. Ennfremur gáfu Samtök aldraðra og Atafl píanó í salinn.

Stjórn Byggingar samvinnufélags Samtaka aldraðra þakkar góða samvinnu um framgang framkvæmdarinnar, þá sérstaklega það traust, trúnað og hvatningu, sem og samhjálp sem Atafl og

byggjendur höfðu í frami vegna allra vandkvæða sem upp komu við byggingu hússanna. og óskar eigendum íbúðanna til hamingju með eignir sínar.

Aukaverkefni sem ráðist var í og kostuð af byggingarsjóði. Flísalögn svala, breyting á sal, álflassingur v. lokunar á svölum, viðbótarkostnaður vegna húsvardaríbúðar, mála svalaloft, frostlaugskerfi í snjóbræðslu í útkeyrslurampa , gólfhiti í göngusvalir, hillur í dekkjageymslu, breytingar á eldhúsi og salerni við sal, fatahengi, hljómflytningstæki í sal, ræstingataeki, fasteigna og fráveitugjöld fyrir árin 2010 og 2011, greiðsla fyrir eignaskiptalýsingu til Fasteignaskrár Íslands, stimpil og þinglýsingar til Sýslumannsins í Reykjavík ofl.

Samtals gerir þetta 40.4 millj. kr.



Samstarfsnefnd Velferðarsviðs

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra var stofnuð í júlí 2006 að frumkvæði Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar en í nefndinni sitja fulltrúi frá Félagi eldri borgara, fulltrúi frá Samtökum aldraðra og borgarfulltrúar sem eru jafnframt í stjórn Velferðarsviðs, ásamt forstöðukonu Velferðarsviðs sem er ritari nefndarinnar.

Stjórn Samtakanna er þakklát Velferðarsviði fyrir þessa skipan mála, en telur að þessi vinna skili þá fyrst verulegum árangri fyrir eldri borgara í Reykjavík, ef verklag um framsetningu mála og afgreiðslu þeirra frá nefndinni sé skilgreint í þá átt.

Svona nefndum hættir mjög til að vera vinaleg samverustund yfir góðum kaffisopa og samræður eru um dægurmál.

Samstarfsnefndin getur að mati stjórnar Samtaka aldraðra orðið að verulegu gagni fyrir hagsmuni aldraðra jafnt og fyrir hagsmuni Reykjavíkurborgar, ef verklag umræðu og tillögugerðar verði við það miðuð að þátttaka eldri borgara er til ráðgjafar og þá samráðs,

en kjörnir fulltrúar hafa ákvörðunarvaldið.

Borgarfulltrúar eiga þá fyrst að skila máli áfram til endalegrar gerðar þegar ráðgjöf aldraðra hefur verið metin í störfum nefndarinnar.

Sérstaklega voru Samtök aldraðra ánægð með hafa með þessari



Sléttuvegshverfið



Sléttuvegshverfið

skipan mála beinan aðgang að borgarfulltrúum sem starfa að málefnum aldraðra, og fá á þessum vettvangi fyrir upplýsingar um okkar málefni sem á dagskrá eru.

Samstarfið við Velferðarsviðið hefur leitt af sér þátttöku í umræðu um ýmis velferðamál sem Velferðarsvið er að vinna að fyrir okkur eldri borgara.

En svo við upprisu Besta meirihluta Borgarinnar var nefndin lögð niður, sennilega vegna tímaskorts eða til að segja Samtökum aldraðra að fjörutíu ára samstarfi Borgar og samtakanna væri lokið. Því önnur nefnd var stofnuð með tveim fulltrúum frá Félagi eldri borgara. Það virðist svo vera. Ef það er rétt eru það veruleg vonbrigði fyrir Samtök aldraðra..



Mýrargata 26

Til viðbótar þeim möguleikum á fjöl-eignar húsum sem fram komu á almennum félagsfundi samtakanna 30.11.2011 og fréttabréfum 4 og 5 2011 hafa okkur borist upplýsingar frá Atafli um Mýrargötu 26.

Tilgangur fundarins var að upplýsa félagsmenn um möguleg framtíðarverkefni en um leið gefa þeim upplýsingar, tæknilegar og fjárhagslegar um tilboð sem félagar gætu hagnýtt sér annað hvort sem hópur eða á einstaklings grunni. Þá verða einnig lagðar fram upplýsingar um stöðu framkvæmda DAS og Reykjavíkurborgar með þjónustusel og hjúkrunarheimili við Sléttuveg. Einnig fréttir um Skógarveg 16.

En er nú fyrirbyggjandi ný hönnun á Mýrargötu húsi Atafils. Framkvæmdir hefjast í júní n.k. Heildarfjöldi íbúða er 68 og 91 bílastæði í bílakjallara og hluti þeirra í lokuðum bílskúrum.

Stærðir íbúðanna eru frá um 70m² upp í 170m². Ásamt ríflegum möguleikum á félagslegum rýmum.

415 íbúðir hafa verið byggðar, fyrir félagi í Samtökum aldraða, því eigum við enn óra langt í að sinna draumum um 2000 annarra félaga. Þess vegna þarf að auka kraft og þor Samtaka aldraða til að takast á við nýjar framkvæmdir eða yfirtöku, ef slíkt leiðir til verðlækkunar í þeim óvenjulegu aðstæðum sem nú ríkja á fateignamarkaði.

Allt þarf að skoða vega og meta af félögum samtakanna með þeim

gegnsæja vinnuferli sem lögum um Byggingarsamvinnufélög mæla fyrir um. Í gangi hafa verið viðræður við Landsbankann, Eykt, Haghús, Atafli og Regin, um samnýtingu lóða og íbúðir í nýjum húsum á Norðurbakka í Hafnarfirði.

Endursöluíbúðir



Aflagrundi 40 íbúð 0402

2ja. herbergja íbúð á 4. hæð, merkt 04-02 er til sölu. Íbúðin er 69,0 m².

- Sér geymsla 3,5 m² er innan íbúðar.
- Á stofu, eldhúsi og svefnherbergi eru nýlagðar gólfplísar 40x40cm.
- Öryggisdúkur á baðgólfi.
- Eldhúsinnrétting, hurðir hvítar með beykikantlímingu. Electrolux eldavél og útsogsvifta frá Rafha.
- Innihurðir og fataskápar eru spón-lagðir með beykispæni.
- Vinyldúkur er á veggjum í bað-herbergi. Innrétting með innbyggðri handlaug . Sturtuhengi.
- Tengi fyrir þvottavél í baðherbergi.
- Svölum er lokað með gleri í álprófilum. Gott útsýni. Svalagólflið er flísalagt.
- Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara.

Framreiknað verð er kr 22.720.000

Miðast við byggingarvísitölu í nóv. 2011, 558,2 stig.

Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraða.



Bólstaðarhlíð 45

2ja herbergja íbúð á 6. hæð, merkt 06-01 er til sölu. Íbúðin er 69,9 m².

- Sérgeymsla er innan íbúðar.
- Á stofu og gangi er eikarparket.
- Vinyldúkur á svefnherbergi og eldhúsi.
- Öryggisvinyldúkur á baðherbergi.
- Eldhúsinnrétting, fataskápar og innihurðir eru spónlagar með ljósum spæni.
- Sturtuklefi úr áli og hertu gleri.
- Innrétting er með innbyggðri handlaug. Tengi f. þvottavél.
- Sameiginlegt þvottahús er á 1. Hæð með þvottavél og þurrkara.

Framreiknað verð er kr. 21.630.000

Miðast við byggingarvísitölu í febrúar 2012, 557,2 stig.

Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraða.

Bólstaðarhlíð 41 er sjö hæða hús með 32 íbúðum. Húsið er tengt Bólstaðarhlíð 43 sem er þjónustusel á vegum Reykjavíkurborgar. Húsið var afhent til eigenda 1986-1987.

MUNIÐ AÐALFUND
SAMTAKA ALDRAÐRA
25. APRÍL N.K.



Sléttuvegur 11 íbúð 0105

2ja herbergja íbúð á 1. hæð, merkt 01-05 er til sölu. Íbúðin er 69,6 m².

- Sér geymsla, 5,5 m², er á sömu hæð og íbúðin. Íbúðin er nýmáluð.
- Á stofu, eldhúsi, svefnherbergi, gangi og geymslu eru korkflísar.
- Á baðherbergi er öryggisvinyldúkur.
- Allir sýnilegir fletir í eldhúsi eru plastlagðir. Hurðir er kantlímdar með beyki. Yfirskápar ná að lofti.
- Innihurðir og skápar eru spónlagðir með beyki.
- Í eldhúsi er keramik helluborð, bakar-ofn og vífta af gerðinni Scholtes. Allt upprunalegt.
- Veggir í baðherbergi eru klæddir með vinyldúk. Handlaug í baðherbergi er innbyggð í innréttingu.
- Sturtuklefi er úr hertu gleri og áli. tengi möguleiki er fyrir þvottavél á baðherbergi.
- Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er á 1. hæð.
- Svölum er lokað að hálfu með gleri í álstoðum.

Framreiknað verð er kr 21.780.000

Miðast við byggingarvísutölu í mars 2012. 566,2 stig.

Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.

Sléttuvegur 11 og 13 er 5 hæða hús með 51 íbúð. Á jarðhæð hússins er þjónustumiðstöð sem rekin er af Reykjavíkurborg.



Sléttuvegur 21 íbúð 0311

2ja herbergja íbúð á 3. hæð, merkt 03-11, er til sölu. Íbúðin er 72,7 m².

- Sér geymsla með hillum er í kjallara 6,7 m².
- Parket úr rauðeik er á stofu, herbergjum, eldhúsi og gangi.
- Öryggisdúkur á baði og þvottahúsi.
- Innihurðir, eldhúsinnrétting og skápar eru spónlagðir með eikarspæni.
- Keramik helluborð. Háfur er yfir helluborði.
- Uppþvottavél og ísskápur með frysti fylgir með.
- Baðherbergisveggir eru flísalagðir í hæðina 210 cm. Innrétting er með innbyggðri handlaug. Sturtuklefi er úr áli og hertu gleri.
- Svölum er lokað með hertu gleri. Svalagólf er flísalagt.
- Útveggir eru einangraðir að utan og klæddir með lituðu áli.
- Sameiginlegt þvottahús er í kjallara með þvottavél og þurrkara.
- Íbúðin er í mjög góðu standi. Gott útsýni.

Framreiknað verð er kr 27.320.000

Miðað er við byggingarvísitölu fyrir janúar 2012, 562,6 stig.

Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.

Sléttuvegur 19-21 er 3ja hæða hús tengt við Sléttuveg 23 með sameiginlegum sal. Í húsinu eru samtals 70 íbúðir. Undir húsinu er bílageymsla. Eitt stæði fylgir íbúðinni.

Húsið var afhent til eigenda 2007.

Kópavogstún 2-4

Verkfundur nr. 2, þriðjudaginn 3. apríl 2012, kl. 10.00

Mættir:

Guðmundur R. Guðmundsson og Magnús Sigurðsson Dverghamrar ehf.

Jón Magnússon, Sigurður Kjartansson og

Jóhanna M. Guðnadóttir Fullt. byggjenda.

Karl Birgisson Mannvit.

Ingvar Georgsson, Valur Sigurbjörnsson og

Ingólfur Antonsson Samtök aldraðra

- Verkstaða: Samp. á þjöppuprófun á fyllingu undir íbúðarhúsi og bílageymslu liggur fyrir. Búið er að leggja niður um 150 m³ af steinsteypu í sökkla. Lokið ca. 65% af sökklum.
 - Verkáætlun: Sundurliðun verkáætlun liggur fyrir. Ljósrit er á vegg í vinnuskúr. Verklok eru áætluð 15. nóv. 2013.
 - Val á búnaði og tækjum:
 - Bílageymsla: Lofthæð í bílageymslu hefur verið aukin um 10 cm, gólfíð lækkað. Gefur m.a.meira rými fyrir búnað yfir aksturshurð.
 - Hreinlætis og blöndunartæki verða keypt hjá Tengi í Kópavogi. Val verður kynnt fljótlega.
 - Tæki í eldhúsi: Valin verði viðurkennd tæki frá ábyrgum efnissala. Verið er að skoða tilboð frá efnissölum. Verður kynnt strax og niðurstaða liggur fyrir.
 - Innréttingar: Teikningar og val á verktaka verður væntanlega kynnt á næsta verkfundi. Sama á við um innihurðir.
 - Gólfefni: Flísar og gólfefni verður keypt af Álfaborg hf. v. Skútuvog. Val á efnistegundum liggur ekki fyrir.
 - Gluggar: Leitað hefur verið eftir tilboðum í glugga og útihurðir. Ákveðið að skoða framleiðslu Gluggasmíðjunnar á morgun kl. 9.00. Skoða m.a. efnisval í opnanleg fög og svalahurðir, ál/tré eða alfarið ál.
 - Pípulagnir/raflagnir: Verðkönnun er í gangi.
 - Svalahandrið og glerlokum: Reiknað er með að semja við Vélsmiðju Heiðars um hvortveggja. Sambærilegt og er á húsum Grundar í Mörkinni.
 - Nokkrir byggjendur endaíbúða fara fram á breytingu á innra skipulagi. Gestasalerni, þvottahús og baðherbergi verði allt í einum kjarna. Sjónvarpshol verði þar sem núv. gestasalerni er.
- Jón og Sigurður fá leyfi Dverghamra til að kanna undirtektir arkitekts.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 26. apríl n.k. kl. 10.00.

Fundi slitið kl. 11.40.

Ritað af I.A.

Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum aldraðra til ársins 2016 - Frumdrög

Á fundi hjá Velferðarráði 29. mars 2012 voru drögin lögð fram

Á næstu árum mun mannfjöldapróun á Íslandi og þar með talið í Reykjavík verða með þeim hætti að eldri borgurum mun fjölga nokkuð umfram fjölgun í öðrum aldurshópum. Þjónusta við eldri borgara hefur verið á höndum bæði ríkis og sveitarfélaga en nú er stefnan sú að sveitarfélög taki við þeirri þjónustu við aldraða sem hingað til hefur verið á hendi ríkisins.

Í ljósi þessa vilja borgaryfirvöld setja fram stefnu í málefnum eldri borgara og er stefna þessi unnin í nánu samstarfi við hagsmunasamtök eldri borgara og sérfræðinga í öldrunarþjónustu.

Þessi stefna lýsir framtíðarsýn Reykjavíkurborgar á það hvernigborgin getur mætt þörfum aldraðra og um leið hvernig samfélaginu getur nýst sem best sá auður sem þeir hafa upp á að bjóða.

Aldraðir eru gefendur og þiggjendur í samfélaginu eins og aðrir borgarbúar. Öldrun fylgja oft breytingar og áskoranir við að takast á við ný verkefni og hafa þarf í huga að eldri borgarar eru ekki einsleitir hópur, þeir hafa ennþá mismunandi langanir, skoðanir og eru virkir

samfélagsþegnar sem gefa mikið til samfélagsins hver á sinn hátt. Mikilvægt er að ekki sé einblínt á að öldrun þjóðarinnar hafi í för með sér vandamál heldur að með auknum þroska þjóðarinnar felist tækifæri til framfara og þróunar.

Bætt lífsskjör, heilbrigðisþjónusta, fyrirbyggjandi aðgerðir og endurhæfing hefur leitt til stórbættrar heilsu aldraðra sem minnkar og seinkar þörf á utanaðkomandi stuðningi og eykur um leið getu eldri borgara á að leggja sitt lóð á vogarskálarnar til hagsbóta fyrir borgarsamfélagið. Þó svo fjölgun aldraðra verði nokkur umfram almenna mannfjölda á næstu áratugum, þýðir það ekki endilega að öldrunarþjónusta og fjárframlög til hennar margfaldist.

Virk öldrun (active ageing) er lykilhugtak en með því er gert ráð fyrir margvíslegri getu og björgum meðal eldra fólks, sveigjanleika sem tekur mið af aðstæðum hvers og eins, virðingu fyrir vilja og ákvörðunum hina reyndu borgarbúa og að sérstaklega sé hlúð að þeim sem eru í viðkvæmstu stöðunni í samfélaginu hverju sinni.

Stefna stjórnvalda

Í tillögum ráðgjafahóps Félags- og tryggingamálaráðherra frá 2008 um mótun og stefnu í þjónustu við aldraða til næstu ára er lagt upp með að þjónusta við aldraða sé nærþjónusta, ólíkir þjónustuhættir þurfi að vera þurfi að vera sem næst á einni hendi og að þeim verði best sinnt af sveitarfélögum. Ráðuneytið þurfi hinsvegar að setja ákveðin gæðaviðmið um þjónustu og sinna skilvirku eftirliti með gæðum og veitingu þjónustunnar.

Aldraðir eiga rétt til eigin heimilis og því skuli megináhersla lögð á að tryggja öldruðum fjölbreytt búsetuúrræði með víðtækri heimaþjónustu sem hæfir ólíkum aðstæðum og þörfum. Áhersla er lögð á að uppbygging nýrra hjúkrunarrýma taki mið af þessari hugsun og að allar aðstæður aldraðra á hjúkrunarheimilum verði aðlagðar þannig að þær líkist sem mest venjulegu heimili. Ein af forsendum þessa er að öldruðum sé tryggt efnahagslegt sjálfstæði.

Markvissra aðgerða sé þörf til að tryggja stöðugleika meðal starfsfólks í öldrunarþjónustu og nægt framboð sé af hæfu og vel menntuðu starfsfólki.

Bæta þurfi upplýsingar og aðgang að þeim um þjónustu og úrræði fyrir aldraða.

Til lengri tíma er lagt til að horfið skuli frá því að aðgreina

fólk og þjónustu við það eftir aldri, sjúkdómum, fötlun eða öðrum skilmerkjum, heldur eigi þjónusta og stuðningur að taka mið af þörfum hvers.

Mikil áhersla er lögð á samráð við eldri borgara og fagfólk í öldrunarþjónustu þegar mótuð er stefna í málefnum eldri borgara og á það bæði við um ríki og borg. Jafnframt er tekið mið af niðurstöðum rannsókna í málaflokknum.

MUNIÐ AÐALFUND SAMTAKA ALDRAÐRA
25. APRÍL N.K.

Sumaropnun á félagsmiðstöðvum

Velferðarsviðs sumarið 2012

Vesturbær:

- Félagsmiðstöðin Aflagranda verður opin í allt sumar.

Árbær:

- Félagsmiðstöðin Hraunbær lokar 2. júlí og opnar aftur 6. ágúst.
 - Heimaþjónustan verður opin í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar, kaffi verður á boðstólum og blöðin liggja frammi á morgnana.
 - Þeir sem keypt hafa mat fá leiðbeiningar um hvert þeir geta farið annað eða fengið matinn sendan heim.
 - Baðþjónusta eftir því sem aðstæður gefa kost á.

Breiðholt:

- Félagsmiðstöðin Gerðubergi verður lokuð 2. júlí-14. ágúst
- Félagsmiðstöðin Árskógum verður lokuð 2. júlí – 13. ágúst, matarþjónustan verður opin sem og baðþjónusta

Laugardalur-Háaleiti:

- Félagsmiðstöðin í Hvassaleiti verður opin í allt sumar. Þar er matarþjónusta og baðþjónusta.
- Félagsmiðstöðin að Dalbraut 18 - 20 verður lokuð 9. júlí – 7. ágúst.
- Félagsmiðstöðin í Hæðargarði 31 verður lokuð 9. júlí – 7. ágúst.
- Félagsmiðstöðin að Sléttuvegi 11 verður lokuð 9. júlí – 7. ágúst.
- Félagsmiðstöðvar í 3 þjónustuíbúðakjörnum (Dalbraut 27, Norðurbrún og Furugerði) verða opnar en dregið úr skipulögðu félagsstarfi. Uppákomur og tilboð um viðburði.

Miðborg - Hlíðar

- Vitatorg verður opin allt sumarið, þar er baðþjónusta.
- Langahlíð verður opin allt sumarið, þar er baðþjónusta
- Félagsmiðstöðin í Bólstaðarhlíð lokar í 5 vikur, baðþjónusta í samráði.
- Félagsmiðstöðin á Vesturgötu lokar í 5 vikur, baðþjónusta í samráði. Félagsleg heimaþjónusta flytur á Vitatorg.

Ítarefni

Dagvist fyrir aldraða

Dagvist er stuðningsúrræði fyrir aldraða sem búa í heima-húsum. Markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun aldraða og stuðla að því að þeir geti búið lengur heima. Í dagvist er boðið upp á tómsundaiðju, léttar leikfimiæfingar, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun. Gestir dagvistar eru sóttir að morgni og ekið heim síðdegis. Dvalartími getur verið frá einum upp í fimm daga í viku. Dagvist er rekin á daggjöldum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og með greiðsluþátttöku gesta.

Reykjavíkurborg rekur dagvist fyrir aldraða á eftirtöldum stöðum:

- Í Þorraseli, Þorragötu 5, sími 561-2828. Dagvistin við Þorrasel er fyrir einstaklinga sem þurfa félagskap, hvatningu, eftirlit og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Í Þorraseli er pláss fyrir 40 einstaklinga í senn.
- Á Vitatorgi, Lindargötu 79, sími 411-9450. Dagvistin á Lindargötu er skilgreind sem hjúkrunardagvist, en þangað koma einstaklingar sem greindir hafa verið með minnissjúkdóma af völdum heilabilunar. Pláss er fyrir 18 einstaklinga í senn.

Ferill umsóknar/þjónustu

Þorrasel: Sótt er um pláss á staðnum, umsækjanda er boðið að koma á ákveðnum tíma og kynna sér aðstæður í leiðinni. Hægt er að sækja um á afgreiðslutíma deildarinnar alla virka daga frá kl. 8.00 til 16.00. Deildarstjóri tekur við umsóknum. Engin sérstök skilyrði eru fyrir umsókn önnur en að hinn aldraði eigi erfitt með að dvelja heima yfir daginn s.s. vegna sjúkdóma eða félagslegrar einangrunar.

Vitatorg: Þegar pláss losnar er hringt í aðstandenda umsækjanda og honum ásamt umsækjanda boðið á kynningu á dagvist. Skriflegar umsóknir eiga að berast til deildarstjóra og skilyrði fyrir vist er að hinn aldraði sé með heilabilun.

Ferill umsóknar/þjónustu

Umsókn má skila á hvaða þjónustumiðstöð borgarinnar sem er og sér starfsfólk um að koma umsókninni á rétta starfsstöð miðað við lögheimili umsækjanda þar sem afgreiðsla umsóknar fer fram. Matsfulltrúi þjónustumiðstöðva borgarinnar aflar upplýsinga um getu og aðstæður umsækjanda. Farið skal í vitjun á heimili til umsækjanda og aðstæður metnar.

- Matsfulltrúi þjónustumiðstöðva borgarinnar tekur ákvörðun um veitta heimaþjónustu. Þjónustan er margbreytileg og sniðin að þörfum hvers og eins. Starfsfólk í heimaþjónustu aðstoðar m.a. við almenn heimilisþrif, þvotta og sinnir reglulegu innliti. Notendur geta einnig fengið aðstoð við innkaup. (Starfsfólk heimaþjónustu leitast við að mæta persónulegum þörfum einstaklinganna og eru félagslegur stuðningur, hvatning og samvera mikilvægir þættir í starfinu).

- Umsækjandi fær skriflegt svar þar sem niðurstaða mats er rökstudd, ferill umsóknar er skýrður og greint frá forgangsroðun. Einnig er gerð grein fyrir málskotsrétti. Ekki eru nein skilyrði um umsóknarfrest. Umsóknum er hægt að skila inn þegar þörf kemur upp og tekur starfsfólk þjónustumiðstöðva borgarinnar á móti umsóknum á afgreiðslutíma þjónustuskrifstofanna. Reykvíkingar sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, veikinda, barnsburðar eða fötlunar geta sótt um félagslega heimaþjónustu. Þörf er metin í hverju einstöku tilviki. Umsókn skal undirrituð á sérstöku eyðublaði. Hægt er að óska eftir læknisvottorði ef ástæða þykir til.

Umsóknir má nálgast hér undir útgefið efni á heimasíðu.

Fyrirspurnir og/eða ábendingar

Ákvörðun um synjun beiðna um félagslega heimaþjónustu eða takmörkun á umbeðinni aðstoð og synjun á lækku eða niðurfellingu greiðslu vegna félagslega heimaþjónustu má skjóta til velferðarráðs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík. Skal það gert skriflega og eigi síðar en fjórum vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun. Ákvörðun velferðarráðs má áfrýja til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, velferðarráðuneyti, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík. Skal það gert eigi síðar en þremur mánuðum frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

Félagsstarf

Starfræktar eru 16 félagsmiðstöðvar víðsvegar um borgina sem eru opnar Reykvíkingum á öllum aldri. Markmið félagsstarfsins er að fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun með því að bjóða upp á opið félags- og tómsundastarf auk fjölda námskeiða.

Félagsstarfið er vettvangur samfunda, mannlegra samskipta og skapandi athafna. Leitast er við að virkja frumkvæði og hæfileika hvers og eins. Hádegisverður er í boði á öllum þessum stöðvum og kaffiveitingar. Að auki bjóða flestar félagsmiðstöðvar upp á baðþjónustu. Hárgreiðslu- og fótaaðgerðarstofur eru einnig starfræktar á mörgum stöðvunum.

Hver stöð býður upp á sína eigin dagskrá sem samanstendur af ýmsum spennandi hlutum. Sem dæmi má nefna: vinnustofur, hagleikssmiðjur, listasmiðjur og klúbbastarf ýmiskonar. Spilamennsku, skoðunarferðir, dans og leikfimi.

Síðan eru ýmsir viðburðir árlegir og/eða tilfallandi, svo sem grillveisla, haustfagnaður og þorablót. Lögð er áhersla á sjálfsprottið félagsstarf og hver og einn getur haft áhrif á þróun þess.

Um er að ræða þjónustu sem er opin öllum Reykvíkingum án sérstakra skilyrða með þeirri undantekningu að hjá Korpúlform í Grafarvogi eru aldurskilyrði miðuð við 67 ára.

Félagsstarf er starfrækt á eftirfarandi stöðum:

Aflagrandi 40, sími: 411 2700;
Árskógum 4, sími: 535-2700;
Bólstaðarhlíð 43, sími: 535-2760;
Dalbraut 18-20, sími: 588-9533;
Dalbraut 21-27, sími: 411 2500;
Furugerði 1, sími: 553-6040;
Hraunbæ 105, sími: 587-2888;
Hvassaleiti 56-58, sími: 535-2720;
Hæðargarði 31, sími: 411-2790;
Langahlíð 3, sími: 552-4161;
Lindargata 59, sími: 411-9450;
Norðurbrún 1, sími: 568-6960;
Sléttuvegur 11, sími: 568-2586;
Vesturgata 7, sími: 535-2740.

Opið er alla virka daga frá kl. 8.30 til 16.30.

Ferill umsóknar/þjónustu

Ekki þarf að sækja sérstaklega um þátttöku í félagsstarfi, aðeins að mæta á staðinn.

Ef fyrirhuguð er þátttaka í ákveðnum námskeiðum eða ferðum þarf að skrá hana.

Deildarstjórar í félagsstarfi eða forstöðumenn á eftirfarandi stöðum eru tengiliðir vegna félagsstarfs.

Fyrirspurnir og/eða ábendingar

Almennum kvörtunum/ábendingum er hægt að koma á framfæri símleiðis eða í móttöku á öllum þjónustumiðstöðvum.

Frá Grensáskirkju.

Sléttuvegshverfið og Háaleiti Samverur eldri borgara

Hvern miðvikudag frá septemberbyrjun og fram til maíloka eru samverur fyrir eldri borgara í Grensáskirkju. Samveran byggist á Biblíulestri undir stjórn sóknarprestisins, sr. Ólafs Jóhannssonar og jafnframt annast kvenfélagið léttar kaffiveitingar. Samverurnar standa í u.p.b. tvær klukkustundir, frá kl. 14-16.

Aðalsafnaðarfundur Grensássóknar. Aðalsafnaðarfundur Grensássóknar verður haldinn mánudaginn 16. apríl kl. 17:30, í safnaðarheimili Grensáskirkju. Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefnd Grensáskirkju.

Áslaug Sif Guðjónsdóttir, 25/3 2012

Föstuguðsþjónusta - starf aldraðra.

Föstuguðsþjónusta verður haldin í Grensáskirkju miðvikudaginn 28. mars. kl. 14:00.

Gamlir fóstbræður syngja og leiða almennan söng. Doktor Sigurjón Árni Eyjólfsson héraðsprestur spilar á saxófón.

Organisti er Árni Arinbjarnarson.

Prestur sr. Ólafur Jóhannsson.

Kaffiveitingar, allir velkomnir

Yfirlýsingar, ályktanir og meginreglur Sameinuðu þjóðanna um aldraða

Þó ekki hafi verið samþykktur sérstakur samningur um réttindi aldraðra, eins og gert hefur verið til að tryggja réttindi kvenna og barna, þá hafa Sameinuðu þjóðirnar unnið margvíslegt starf sem miðar að því að tryggja öldruðum mannsæmandi líf. Í Vín, árið 1982, samþykkti heimsþing um málefni aldraðra alþjóðlega aðgerðaáætlun um öldrun sem síðan var styrkt með ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 37/51. Til að fylgja eftir þessari áætlun samþykkti allsherjarþingið, 16. desember 1991, ályktun nr. 46/1991 um stefnumið í málefnum aldraðra "til þess að lífga við árin sem best hafa við lífið". Aðildarríki voru hvött til að vinna að framgangi markmiða yfirlýsingarinnar en sérstök áhersla var lögð á að á ári aldraðra, 1999, yrði unnið að almennri viðhorfsbreytingu til öldrunar til að styrkja stöðu þeirra og stuðla að aukinni samstöðu kynslóða í framtíðinni. Í ályktun Allsherjarþingsins var átján grundvallarmarkmiðum skipt í fimm efnisþætti: sjálfstæði, virkni, lífsfylling, reisn og umönnun, með áherslu á að aldraðir þurfi að njóta allra þessara þátta til jafns við aðra þegna þjóðfélagsins. Hér að neðan er að finna yfirlit yfir efnisþætti stefnumiða Sameinuðu þjóðanna í málefnum aldraðra:

Sjálfstæði – stefnt skal að því að aldraðir:

- Geti aflað sér nægs matar, vatns, heppilegs hútaskjól, fatnaðar og viðeigandi heilsugæslu með opinberum bótum, félagslegri aðstoð og fyrir eigin atbeina;
- Eigi þess kost að stunda vinnu eða afla sér tekna með öðrum hætti;
- Fáí sjálfir að taka þátt í að ákveða hvenær og hversu hratt þeir hætta þátttöku á vinnumarkaði;
- Eigi kost á viðeigandi námskeiðum, bóklegum og verklegum;
- Geti búið þar sem þeir eru öruggir og þar sem jafnframt er hægt að laga aðstæður að persónulegum þörfum og breytilegri líkamsgetu þeirra;
- Geti búið heima hjá sér eins lengi og kostur er.

Virkni – stefnt skal að því að aldraðir:

- Haldi áfram þátttöku í þjóðfélaginu, taki virkan þátt í stefnumótun og framkvæmd mála sem hafa bein áhrif á afkomu þeirra og deili þekkingu sinni og hæfileikum með yngri kynslóðum;
- Eigi þess kost að þjóna samfélaginu og starfa sem sjálfbóðaliðar að málum sem henta áhugasviðum þeirra og getu;
- Geti stofnað samtök eða félög aldraðra



Ingólfur
Gissurarson
S. 896-5222
Löggilt. Sölk.



Bárður
Tryggvason
S. 896-5221
Sölustjóri



Hróður
Friðósson
S. 893-3336
Löggilt. Sölk.



Elfríður
Róbertsdóttir
S. 893-4477
Sölvunotar



Erlendur
Davíðsson
Löggiltur
Fasteignasölk.



Sigbjörn
Þorgeirsson
S. 899-8787
Löggilt. Sölk.



Ásta Ragnheiða
Valdísarsdóttir
S. 899-5820
Löggilt. Sölk.



Margrét
Þorgeirsdóttir
S. 896-1 013
Skrifstofusjónfró.



Þórunn
Friðósdóttir
Sölvun.
Sími 894-6333

ALLIR ÞURFA ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ

Við viljum búa öldruðum áhyggjulaust ævikvöld

Fasteignaviðskipti eru ávallt stórmál hjá öllum sem að þeim koma, ekki síst eldri borgurum. Við hjá Valhöll búum yfir áratuga langri reynslu við verðmat og sölu fasteigna, alls um 150 ár við fasteignasölu (10 starfsmenn, þar af 5 löggiltir fasteignasalar).

Mikilli þjónustulipurð og sanngjörn sölulaun.

Við erum til þjónustu reiðubúnir frá morgni til kvölds alla daga vikunnar. Þjóðum öldruðum frítt verðmat án skuldbindinga og hagstæð sölulaun, heildar þjónusta alla leið. Sýnum eignir ef þess er óskað.

Erum við símann á vinnutíma, á kvöldin og um helgar.

Bárður Tryggvason sölustjóri. Gsm: 896 5221
Ingólfur Gissurarson Löggiltur fasteignasali. Gsm: 896 5222

ALLIR ÞURFA ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ

VALHÖLL FASTEIGNASALA SÍÐUMÚLA 27 - SÍMI: 588 4477

Umönnun – stefnt skal að því að aldraðir:

- Fáí notið félagslegrar aðstoðar og verndar í samræmi við menningarmat þess þjóðfélags sem viðkomandi býr í;
- Eigi kost á heilsugæslu til að viðhalda andlegri og líkamlegri heilsu eða til að endurheimta hana eftir því sem kostur er og til að hindra eða tefja fyrir að sjúkdómar nái tökum á viðkomandi;
- Eigi kost á félags- og lögræðiráðgjöf til að efla sjálfstæði þeirra og öryggi;
- Geti komist á viðeigandi umönnunarstofnanir til að njóta þar öryggis, endurhæfingar og félagslegrar og andlegrar örvunar í mannúðlegu og tryggu umhverfi;
- Fáíð notið mannréttinda og grundvallarfrelsis þegar þeir flytjast á umönnunarstofnun. Þar skal tekið fullt tillit til mannlegrar reisnar þeirra, trúarskoðana, líkamlegra og andlegra þarfa, einkalífs og réttar þeirra til að taka ákvarðanir um umönnunina og hvernig lífi þeirra skuli háttað.

Lífsfylling – stefnt skal að því að aldraðir:

- Eigi þess kost að þroska og nýta hæfileika sína til fulls;
- Geti tekið þátt í námskeiðum, menningarviðburðum, trúarlegum samkomum og öðru félagslífi sem býðst í þjóðfélaginu.

Reisn – stefnt skal að því að aldraðir:

- Geti haldið reisn sinni og búið við öryggi og þurfi ekki að óttast misnotkun, hvorki andlega né líkamlega;
- Njóti sanngirni í viðmóti án tillits til aldurs, kynferðis, kynþáttar, heilsufars eða annarra þátta og framkoman við þá sé óháð efnahag þeirra.

Árið 1992 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna yfirlýsingu um öldrun [Proclamation on Aging] þar sem aðildarríki eru meðal annars hvött til að styðja eldri konur sérstaklega og tryggja að framlag þeirra til samfélagsins sé virt að verðleikum. Einnig er mælt til að aðildarríki veiti fjölskyldum er sjá fyrir öldruðum ættingjum stuðning og allir fjölskyldumeðlimir eru hvattir til að taka þátt í umönnun. Þá eru ríki hvött til að stuðla að því að eldri mönnum sé gert kleift að þróa með sér félagslega, menningarlega og tilfinningalega færni sem þeir áttu ekki kost meðan þeir voru brauðvinningar.

Til að fylgja eftir hinni alþjóðlegu framkvæmdaáætlun helgaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna öldruðum árið 1999, undir yfyrskriftinni: „Þjóðfélag fyrir fólk á öllum aldri.“ Lögð var áhersla á að brúa bilið milli kynslóða, auka samskipti ungs fólks og aldraðra og efla gagnkvæman skilning og virðingu þessara aldurs hópa.

Árið 2002, á heimspingi um öldrun í Madrid, var samþykkt önnur framkvæmdaáætlun um öldrun. Áætlunin

inniheldur fimm meginflokka er lúta að: virðingu fyrir öllum mannréttindum aldraðra, öruggri elli, þátttöku aldraðra í samfélaginu, aðgerðir gegn mismunun og ofbeldi gagnvart öldruðum, því að tryggja kynjajafnrétti meðal aldraðra, mikilvægi fjölskyldunnar sé viðurkennt, því að heilbrigðis- og félagsþjónusta sé tryggð til handa öldruðum og viðurkenningu á sérstakri aðstöðu aldraðra frumbyggja.

Lög um málefni aldraðra

Árið 1982 var sett fyrsta heildstæða löggjöfin um málefni aldraðra. Tilgangur hennar var að skipuleggja betur þjónustu við aldraða, t.d með því að tengja hana heilbrigðisþjónustu heilsugæslustöðva og félagslegri þjónustu á vegum sveitarfélaganna. Árið 1989 voru löggin endurskoðuð og ný lög voru sett um málefni aldraðra nr. 82/1989 en þau gengu í gildi 1. janúar árið 1990. Aftur voru löggin endurskoðuð og eru nú í gildi lög nr. 125/1999 en þau voru samþykkt á Alþingi 31. desember árið 1999.

Löggin fela í sér þau markmið að gera öldruðum fært að lifa eðlilegu heimilislífi eins lengi og kostur er og að öldruðum sé tryggð þjónusta þegar hennar er þörf og í samræmi við þarfir hvers og eins. Ásamt því er lögð áhersla á að aldraðir njóti jafnréttis og að sjálfstæði þeirra sé virt.

Á Íslandi er yfirstjórn öldrunarmála í höndum Velferðaráðherra. Ráðuneytið hefur frumkvæði að stefnumótun um málefni er varða aldraða og á það einnig að annast áætlanagerð í málaflokknum fyrir landið í heild sinni. Samkvæmt lögnum skipar velferðaráðherra fimm manna nefnd sem hefur málefni aldraðra á sinni könnu. Er einn nefndarmaðurinn tilnefndur af Landssambandi eldri borgara, einn af Öldrunarráði Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Verkefni nefndarinnar eru ráðgefandi ásamt því að vera tengiliður á milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra. Nefndin stjórnar einnig Framkvæmdasjóði aldraðra og gefur tillögur til ráðherra um ráðstöfun sjóðsins.

Þjónustuhópar aldraðra

Í hverju heilsugæsluumdæmi starfa þjónustuhópar aldraðra. Í þeim hópi sitja fimm fulltrúar, öldrunarlæknir og hjúkrunarfræðingur skipa sinn hvorn fulltrúan, sveitastjórnir skipa tvo fulltrúa sem skulu hafa þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða og að lokum tilnefna samtök eldri borgara á svæðinu einn fulltrúa. Hlutverk þjónustuhópsins er að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra. Hópurinn á einnig að gera tillögur til sveitastjórna um öldrunarþjónustu ásamt því að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þurfa og kynna þeim þá kosti sem þeim standa til boða.

Framkvæmdasjóður aldraðra

Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður með lögum árið 1981. Hefur hann það hlutverk að vinna að uppbyggingu

öldrunarþjónustu á Íslandi. Fjármagn sjóðsins á að styrkja byggingu þjónustumiðstöðva fyrir aldraða. Sjóðurinn á einnig að styrkja nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem nýtt er fyrir þjónustu í málefnum aldraða. Sjóðurinn styrkir einnig sveitarfélög og heilsugæslustöðvar til að þróa skipulagða heimaþjónustu fyrir aldraða. Ásamt því er sjóðnum ætlað að styrkja rannsóknir, kennslu og kynningu á öldrurnarmálum ásamt öðrum verkefnum.

Réttindi aldraða

Í íslenskum lögum er að finna margs konar ákvæði sem hafa það markmið að gæta að hagsmunum þeirra sem geta ekki, vegna ýmissa ástæðna, borið fulla ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum. Hver einstaklingur eldist á mismunandi hátt og sumir aldraðir eru ófærir um að gæta hagsmuna sinna.

Í 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er fjallað um sakhæfi, þar sem segir að þeim mönnum skuli ekki refsað sem sökum geðveiki, andlegs vanþroska eða hrörnunar, rænuskerðingar eða annars samsvarandi ástands voru alls ófærir á þeim tíma, er þeir unnu verkið, til að stjórna verkum sínum. Rétt er þó að taka fram að ölvun eða vímuástand sem einstaklingur hefur sjálfur komið sér í leiðir ekki til ósakhæfis.

Í lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936 er að finna ákvæði sem leyst getur einstaklinga undan ábyrgð sinni á samningi ef þeir eru taldir ósanngjarnir. Samkvæmt 36. gr. laganna má víkja samningi í heild sinni eða að hluta til frá, eða breyta honum, ef að það er talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, samkvæmt nánari skilgreiningu á því hvað fellur þar undir síðar í ákvæðinu. Jafnframt því kemur fram í ákvæðinu að við mat á aðstæðum skuli líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningaviðræður og atvika sem síðar komu til. Ákvæði þetta er sérlega mikilvægt til að vernda þá sem þessa þurfa gegn misnotkun annarra á skilningsskorti þess sem í hlut á hverju sinni.

Þegar kemur að mannréttindum aldraða eru það helst réttur til aðgengis og þátttöku, réttur til framfærslu og félagsþjónustu, réttur til persónufrelsis og friðhelgi einkalífs, réttur til verndar fjölskyldulífs, réttur til heilbrigðis- og endurmenntunar, réttur til atvinnu og tómstunda, búsetu og eigin heimilis og bann við ómannlegri og vanvirðandi meðferð sem koma við sögu.

Réttindi aldraða á alþjóðavettvangi

Ísland er aðili að öllum helstu samningum um mannréttindi hvort sem það er á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eða Evrópusambandsins.

Sameinuðu þjóðirnar

Eins og fyrr greinir voru Sameinuðu þjóðirnar stofnaðar árið 1948, í kjölfar hörmunga seinni heimsstyrjaldarinnar. Markmið samtakanna er að koma á alþjóðasamvinnu

um lausn alþjóðavandamála, fjárhagslegs-, félagslegs-, menningarlegs- og mannúðarlegs eðlis, og að styrkja og stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og grundvallar frelsi allra án tillits til kynþáttar, kyns, tungu eða trúarbragða. Allir helstu mannréttindasamningar stofnunarinnar kveða á um bann við mismunun en ætla má að grundvallarreglan um jafnræði sem sett er fram í alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi, alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, samningi um afnám alls kynþáttamisréttis og samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum, banni mismunun á grundvelli aldurs. Þess ber að geta að hinn nýi samningur um réttindi farandverkfólks sem tók gildi árið 2003 kveður á um bann við mismunun á grundvelli aldurs.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt á allsherjarþinginu 10. desember 1948. Hún lagði grunninn að uppbyggingu hins alþjóðlega mannréttindakerfis og raunverulegri samningsgerð Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi þar sem ríki skyldu gangast undir þjóðrættarlegar skuldbindingar um að virða og vernda mannréttindi. Yfirlýsingin hefur með árunum orðið viðurkennt leiðarljós þeirra sem vinna að eflingu og virðingu mannréttinda um allan heim.

Þó mannréttindayfirlýsingin sé ekki bindandi þjóðrættar-samningur heldur fyrst og fremst stefnumótandi yfirlýsing um markmið sem ríkjum ber að stefna að, þá telja margir fræðimenn hana hafi öðlast vægi réttarvenju vegna áhrifa hennar víða um heim. Fjöldi stjórnarskráa ríkja byggir á yfirlýsingunni, hún er grunnplagg í mannréttindastarfi Sameinuðu þjóðanna, svæðasamvinna um mannréttindi í heiminum er grundvölluð í henni, þ.m.t. starf Evrópuráðsins og stöðugt er til hennar vitnað af leiðtogum þjóða heims. Þá eru ákvæði yfirlýsingarinnar endurspegluð í alþjóðasamningunum um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi og efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og sértækum samningum sem ætlað er að vernda réttindi ákveðinna hópa.

Í 1. tl. 25. greinar yfirlýsingarinnar er sérstaklega minnst á aldur,

Hver maður á kröfu til líf skjara, sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan hans sjálfs og fjölskyldu hans. Telst þar til matur, klæðnaður, húsnæði, læknishjálp og nauðsynleg félagshjálp, svo og réttindi til öryggis gegn atvinnuleysi, veikindum, örorku, fyrirvinnumissi, elli eða öðrum áföllum, sem skorti valda og hann getur ekki við gert.

Alþjóðasamningur um borgaraleg- og stjórnómáleg réttindi

Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 16. desember 1966 og tók gildi 23. mars 1976. Samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu 30. desember 1968 og fullgiltur með ákveðnum fyrirvörum auk þess sem Ísland fullgilti tvær

„Afburða hönnun“



product
design
award

2011

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

NÝ OG STÍLFÖGUR ELDHÚSTÆKI FRÁ AEG SEM GERA GOTT ELDHÚS ENN BETRA

Nýju ofnarnir frá AEG búa yfir miklum fjölbreytileika í lögun og leikni. Nýtanlegt innra rými ofnanna er nú 30% stærra en áður og eru þeir nú 74 lítrar að stærð án þess að ummál þeirra hafi aukist.



BE3003001-M

3 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur og auðveldur í notkun og allri umgengni

8 aðgerðir • blástur með elementi • blástur með undirhita (pizza stilling) • undir og yfirhiti • undirhiti • affrýsting • grill einfalt • grill tvöfalt • grill og blástur • rafeindaklukka • sökkhnappar • þrefalt gler í ofnhurð – kaldari framhlið. Íslensk notendahandbók.



BE5303071-M

5 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með hraðhitakerfi, sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni

9 aðgerðir • blástur með elementi • blástur með undirhita (pizza stilling) • undir og yfirhiti • undirhiti • affrýsting • grill einfalt • grill tvöfalt • grill og blástur • hraðhitun • barnalæsing á stillingum • rafeindaklukka • sökkhnappar • þrefalt gler í ofnhurð – kaldari framhlið. **Einnig fáanlegur með sjálfhreinsikerfi.** Íslensk notendahandbók.



BE7314401-M

7 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum

12 aðgerðir • blástur með elementi • blástur með undirhita (pizza stilling) • undir og yfirhiti • undirhiti • affrýsting • grill einfalt • grill tvöfalt • grill og blástur • hæg eldun (slow cook) • frosin matvæli • halda heitu • spareldun (ECO Roasting) • barnalæsing á stillingum • stafrænn upplýsingaskjár • fjórfalt gler í ofnhurð – kaldari framhlið. **Einnig fáanlegur með sjálfhreinsikerfi og sem gufuofn.** Íslensk notendahandbók.



BP9304151-M

9 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli, hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum og sjálfhreinsikerfi

18 aðgerðir • Multifunction • blástur með elementi • blástur með undirhita (pizza stilling) • undir og yfirhiti • undirhiti • affrýsting • grill einfalt • grill tvöfalt • grill og blástur • hæg eldun (slow cook) • frosin matvæli • halda heitu • spareldun (ECO Roasting) • hefun • brauðbakstur • gratenering • þurrkun (ávextir/grænmeti) • diskahitun • niðursuða • barnalæsing á stillingum • stafrænn upplýsingaskjár • fjórfalt gler í ofnhurð – kaldari framhlið. **Einnig fáanlegur sem gufuofn.** Íslensk notendahandbók.

AÐ ELDA MEÐ AEG

Þegar þú eldar með AEG máttu búast við framþróaðri tækni, flottri hönnun og fjölmörgum stillingarmöguleikum sem bjóða upp á svo margt, margt fleira.

FULLKOMIN HÖNNUN

AEG ofnarnir eru hannaðir til að skara fram úr á öllum sviðum. Þeir eru einstaklega fjölhæfir, áreiðanlegir og þar að auki glæsilegir útlits.

AEG HELLUBORÐ AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

Ný glæsileg lína helluborða frá AEG býður upp á fullkomnustu tækni, hvort sem þú velur spansuðu- eða venjulegt hraðsuðuhelluborð eða fyrir gas þá er úrvalið mikið og útærslurnar fjölbreyttar.

VERSLANIR OG
UMBOÐSMENN
UM LAND ALLT

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is



valfrjálsar bókanir við samninginn árið 1979 og 1991.

Í 1. tl. 2. gr. samningsins kemur fram að allir borgarar aðildarríkjanna eigi jafnan rétt til að njóta þeirra réttinda sem samningurinn á að tryggja en flest eiga ákvæðin rætur að rekja til mannréttindayfirlýsingarinnar. Í 1. tl. 2. gr segir:

Sérhvertt ríki sem er aðili að samningi þessum tekst á hendur að virða og ábyrgjast öllum einstaklingum innan landsvæðis síns og undir lögsögu sinni réttindi þau sem viðurkennd eru í samningi þessum án nokkurs konar mismununar svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.

Aldur er ekki tiltekinn sérstaklega í ákvæðinu en færa má fyrir því rök að aldur geti fallið undir hugtakið "aðrar aðstæður".

Alþjóðasamningur um efnahagsleg-, félagsleg og menningarleg réttindi

Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þann 16. desember 1966 var samþykktur alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og tók hann gildi 3. janúar 1976. Samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu 30. desember 1968 og fullgiltur 22. ágúst 1979.

Í 2. tl. 2. gr. samningsins er undirstrikað að mannréttindi gildi fyrir alla. Eins og í samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi þá er aldur ekki tiltekinn en eftirlitsnefnd samningsins hefur tileinkað efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum aldraðra almenna athugasemd [General Comment] nr. 6. Þar er kveðið á um að elli geti fallið undir "aðrar aðstæður":

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum takast á hendur að ábyrgjast að réttindum þeim sem greind eru í samningi þessum muni verða framfylgt án nokkurrar mismununar vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.

Þá mælist nefndin einnig til þess að ríki veiti réttindum eldri kvenna sérstaka athygli vegna þess að þær eiga oft ekki full eftirlaunaréttindi. Nefndin hvetur ríki til að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli aldurs á vinnumarkaði, að þau tryggi skilvirkt eftirlaunakerfi og styðji fjölskyldur þar sem aldraðir ættingjar eru á heimilinu. Jafnframt hvetur nefndin ríki til að aðstoða eldri borgara er vilja búa á heimilum sínum í stað stofnana.

Samningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu

Ísland er aðili að tveimur alþjóðasamningum sem fjalla sérstaklega um bann við og varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð. Annar er samningur Sameinuðu þjóðanna um bann við pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 1984.

Í 1. mgr. 2. gr. samningsins segir:

Hvert aðildarríki skal gera virkar ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnslu og réttarvörslu eða aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir pyndingar á sérhverju landsvæði í lögsögu þess.

Og í 1.tl. 16. greinar segir:

Hvert aðildarríki skuldbindur sig til að hindra að á nokkru landsvæði í lögsögu þess séu framin önnur verk er teljast til grimmilegrar, ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar eða refsingar, en skilgreining hugtaksins pynding í 1. gr. nær þó ekki til, þegar slík verk eru framin af eða fyrir frumkvæði eða með samþykki eða umliðun opinbers starfsmanns eða annars manns sem er handhafi opinbers valds. Sérstaklega skulu skuldbindingar þær gilda sem um getur í 10., 11., 12. og 13. gr. þannig að í stað þess að vísað sé til pyndinga sé vísað til annarrar grimmilegrar, ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar eða refsingar.

Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum

Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum var samþykktur árið 1979 og tók gildi gagnvart Íslandi 18. júlí 1985. 13. gr. kveður á um að aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að afnema mismunun gagnvart konum á sviði atvinnu til að tryggja þeim sömu réttindi á grundvelli jafnréttis karla og kvenna, en þar segir í e-lið:

Rétt til almannatrygginga, sérstaklega þegar hætt er störfum vegna aldurs, atvinnuleysis, veikinda, örorku og elli og vegna annars vanhæfis til vinnu, sem og rétt til orlofs.

Yfirlýsingar, ályktanir og meginreglur Sameinuðu þjóðanna um aldraða

Þó ekki hafi verið samþykktur sérstakur samningur um réttindi aldraðra, eins og gert hefur verið til að tryggja réttindi kvenna og barna, þá hafa Sameinuðu þjóðirnar unnið margvíslegt starf sem miðar að því að tryggja öldruðum mannsæmandi líf. Í Vín, árið 1982, samþykkti heimsþing um málefni aldraðra alþjóðlega aðgerðaáætlun um öldrun sem síðan var styrkt með ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 37/51. Til að fylgja eftir þessari áætlun samþykkti allsherjarþingið, 16. desember 1991, ályktun nr. 46/1991 um stefnumið í málefnum aldraðra "til þess að lífga við árin sem bæst hafa við lífið". Aðildarríki voru hvött til að vinna að framgangi markmiða yfirlýsingarinnar en sérstök áhersla var lögð á að á ári aldraðra, 1999, yrði unnið að almennri viðhorfsbreytingu til öldrunar til að styrkja stöðu þeirra og stuðla að aukinni samstöðu kynslóða í framtíðinni. Í ályktun Allsherjarþingsins var átján grundvallarmarkmiðum skipt í fimm efnisþætti: sjálfstæði, virkni, lífsfyllingu, reisn og umönnun, með áherslu á að aldraðir þurfi að njóta allra þessara þátta til jafns við aðra þegna þjóðfélagsins. Hér að neðan er að finna yfirlit yfir efnisþætti stefnumiða Sameinuðu þjóðanna í málefnum aldraðra:

Sjálfstæði – stefnt skal að því að aldraðir:

- Geti aflað sér nægs matar, vatns, heppilegs húsaskjól, fatnaðar og viðeigandi heilsugæslu með opinberum bótum, félagslegri aðstoð og fyrir eigin atbeina;
- Eigi þess kost að stunda vinnu eða afla sér tekna með öðrum hætti;
- Fáí sjálfir að taka þátt í að ákveða hvenær og hversu hratt þeir hætta þátttöku á vinnumarkaði;
- Eigi kost á viðeigandi námskeiðum, bóklegum og verklegum;
- Geti búið þar sem þeir eru öruggir og þar sem jafnframt er hægt að laga aðstæður að persónulegum þörfum og breytilegri líkamsgetu þeirra;
- Geti búið heima hjá sér eins lengi og kostur er.

Virkni – stefnt skal að því að aldraðir:

- Haldi áfram þátttöku í þjóðfélaginu, taki virkan þátt í stefnumótun og framkvæmd mála sem hafa bein áhrif á afkomu þeirra og deili þekkingu sinni og hæfileikum með yngri kynslóðum;
- Eigi þess kost að þjóna samfélaginu og starfa sem sjálfbóðaliðar að málum sem henta áhugasviðum þeirra og getu;
- Geti stofnað samtök eða félög aldraðra
-

Umönnun – stefnt skal að því að aldraðir:

- Fáí notið félagslegrar aðstoðar og verndar í samræmi við menningarmat þess þjóðfélags sem viðkomandi býr í;
- Eigi kost á heilsugæslu til að viðhalda andlegri og líkamlegri heilsu eða til að endurheimta hana eftir því sem kostur er og til að hindra eða tefja fyrir að sjúkdómar nái tökum á viðkomandi;
- Eigi kost á félags- og lögfræðiráðgjöf til að efla sjálfstæði þeirra og öryggi;
- Geti komist á viðeigandi umönnunarstofnanir til að njóta þar öryggis, endurhæfingar og félagslegrar og andlegrar örvunar í mannúðlegu og tryggju umhverfi;
- Fáíð notið mannréttinda og grundvallarfrelsis þegar þeir flytjast á umönnunarstofnun. Þar skal tekið fullt tillit til mannlegrar reisnar þeirra, trúarskoðana, líkamlegra og andlegra þarfa, einkalífs og réttar þeirra til að taka ákvarðanir um umönnunina og hvernig lífi þeirra skuli háttað.

Lífsfylling – stefnt skal að því að aldraðir:

- Eigi þess kost að þroska og nýta hæfileika sína til fulls;

- Geti tekið þátt í námskeiðum, menningarviðburðum, trúarlegum samkomum og öðru félagslífi sem býðst í þjóðfélaginu.

Reisn – stefnt skal að því að aldraðir:

- Geti haldið reisn sinni og búið við öryggi og þurfi ekki að óttast misnotkun, hvorki andlega né líkamlega;
- Njóti sanngirni í viðmóti án tillits til aldurs, kynferðis, kynþáttar, heilsufars eða annarra þátta og framkoman við þá sé óháð efnahag þeirra

Árið 1992 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna yfirlýsingu um öldrun [Proclamation on Aging] þar sem aðildarríki eru meðal annars hvött til að styðja eldri konur sérstaklega og tryggja að framlag þeirra til samfélagsins sé virt að verðleikum. Einnig er mælt til að aðildarríki veiti fjölskyldum er sjá fyrir öldruðum ættingjum stuðning og allir fjölskyldumeðlimir eru hvattir til að taka þátt í umönnun. Þá eru ríki hvött til að stuðla að því að eldri mönnum sé gert kleift að þróa með sér félagslega, menningarlega og tilfinningalega færni sem þeir áttu ekki kost meðan þeir voru brauðvinningar.

Til að fylgja eftir hinni alþjóðlegu framkvæmdaáætlun helgaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna öldruðum árið 1999, undir yfirskriftinni: “Þjóðfélag fyrir fólk á öllum aldri”. Lögð var áhersla á að brúa bilið milli kynslóða, auka samskipti ungs fólks og aldraðra og efla gagnkvæman skilning og virðingu þessara aldurshópa.

Árið 2002, á heimsþingi um öldrun í Madrid, var samþykkt önnur framkvæmdaáætlun um öldrun. Áætlunin inniheldur fimm meginflokka er lúta að: virðingu fyrir öllum mannréttindum aldraðra, öruggri elli, þátttöku aldraðra í samfélaginu, aðgerðir gegn mismunun og ofbeldi gagnvart öldruðum, því að tryggja kynjajafnrétti meðal aldraðra, mikilvægi fjölskyldunnar sé viðurkennt, því að heilbrigðis- og félagsþjónusta sé tryggð til handa öldruðum og viðurkenningu á sérstakri aðstöðu aldraðra frumbyggja.

Aldraðir

Gagnlegar krækjur

Upplýsingar um tiltekna þjónustu eiga sér gjarnan rætur víða á netinu. Hér eru teknar saman krækjur sem líklegar eru til að aðstoða borgara við að leita sér upplýsinga og þjónustu á vefnum. Vísað er á efni á vef ráðuneytisins, á vefjum stofnana þess, island.is og víðar eftir því sem efni standa til.

- Almannytryggingar (<http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/almannytryggingar/>)
- Áfram veginn : upplýsingar fyrir eldri borgara (<http://www.tr.is/aldradir/afram-veginn-2009/>)
- Daggjöld hjúkrunarheimila (<http://www.velferdarraduneyti.is/hbr/frettir/nr/31826>)



200 Kópavogur

Kópavogstún 2-4

Nokkrar íbúðir eftir!

Nú eru framkvæmdir komnar á fullt við þetta frábæra hús í Kópavogi. Samtök aldraðra í Reykjavík og byggingarfélagið Dverghamrar vinna að þessu 28 íbúða lyftuhúsi í sameiningu. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu og íbúðirnar eru afhentar fullbúnar með gólfefnum, ísskáp og uppþvottavél.

Þær íbúðir sem eru lausar eru 2ja, 3ja herbergja íbúðir og þakíbúð.

Um er að ræða afar metnaðarfulla nýbyggingu á besta stað.

Afhending eignanna er áætluð í nóvember 2013.

Verð frá 28,0 - 75,0 millj.

F A S T E I G N A S A L A N

MIKLABORG

Við erum við símann

569 7000

Síðumúla 13 www.miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

- Félagsþjónusta sveitarfélaga (<http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/fel-sveitarf/>)
- Landssamtök lífeyrissjóða (<http://ll.is/>)
- Lífeyrir og tengdar greiðslur (<http://www.tr.is/aldradir/>)
- Sjúkratryggingar (<http://www.sjukra.is/>)
- Stefna í málefnum aldraðra til næstu ára (http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/malefni_aldradra/Almennt/nr/4417)
- Viðmið um skipulag hjúkrunarheimila (<http://www.velferdarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/4121>)
- Vistunarmat (Upplýsingar á vef landlæknis um mat á þörf einstaklinga fyrir vistun í hjúkrunarrými) (<http://www.landlaeknir.is/Pages/1142>)
- Þjónusta við aldraða (http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/malefni_aldradra/dvalarrymi/)
- Öldrunarstofnanir (http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/malefni_aldradra/dvalarrymi/dvalarrymi/)
- Ýmsar upplýsingar um öldrunarmál á vef ráðuneytisins (http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/malefni_aldradra/)

Þátttaka í dvalarkostnaði á Hjúkrunar og Dvalarheimilum.

Íbúar geta þurft að taka þátt í dvalarkostnaði sínum vegna varanlegrar búsetu á dvalar- eða hjúkrunarheimili. Þátttakan

er tekjutengd og er reiknuð út á grundvelli tekjuáætlunar.

Á árinu 2012 gildir að ef mánaðartekjur íbúa eru yfir 65.005 kr. á mánuði, eftir skatta, þá tekur hann þátt í dvalarkostnaði með þeim tekjum sem umfram eru. Greiðsluþátttaka verður þó aldrei hærrí en 311.741 kr. á mánuði. Ef íbúi tekur þátt í dvalarkostnaði byrjar hann að greiða frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að búseta hefst. Sama aðferð er notuð við útreikning á þátttöku í dvalarkostnaði hvort sem um er að ræða búsetu á dvalar- eða hjúkrunarheimili.

Aðeins íbúar 67 ára og eldri taka þátt í dvalarkostnaði. Heimilið innheimtir ávallt hlut íbúa í dvalargjaldi. Sömu reglur varðandi viðmiðunartekjur gilda við útreikning á þátttöku íbúa í dvalarkostnaði og um tekjutryggingu.

Uppgjör á þátttöku í dvalarkostnaði

Að lokinni álagningu skattfirvalda ár hvert er þátttakan gerð upp hjá íbúum í dvalarrymum. eru þá bornar saman tekjur á tekjuáætlun sem þátttakan var reiknuð út frá og endanlegar tekjuupplýsingar í skattframtali. Tryggingastofnun gerir þátttökuna upp við heimilin sem sjá svo um að gera upp við íbúa.

Komi í ljós að þátttakan var of lág innheimtir heimilið það sem vantar upp á. Komi hins vegar í ljós að þátttakan var of há endurgreiðir heimilið inneignina.

EGJ.





ATAFL

GÆÐI Í VERKI BYGGÐ Á ÁRATUGA REYNSLU

Atafl ehf er öflugt alhliða verktakafyrirtæki sem býr yfir viðurkenndri sérþekkingu og starfar víðsvegar um landið. Verkefnin eru fjölbætt og spanna víðtæk svið en sérgrein fyrirtækisins er mannvirkjagerð, viðhald og endurnýjun.

Starf fyrirtækisins er metnaðarfullt og beinist stöðugt að því að bæta og treysta þjónustu við viðskiptavinum ásamt því að auka hagkvæmni.

Atafl leggur áherslu á,

- Áreiðanleika í verki
- Góða þjónustu
- Vandaða þjónustu
- Hagkvæmni